



Eining-Íðja

F É L A G S B L A Ð



Útgefandi:
Eining-Iðja
Skipagötu 14

600 Akureyri

Sími: 460 3600

Bréfasími: 460 3601

Heimasíða: www.eining-idja.is



Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson

Umsjón, textagerð og prófarkalestur:

FREMRI kynningarþjónusta

Auglýsingar: Páll Júlíusson,

sími 566 8262 netfang: pallj@islandia.is

Forsíðumynd: Ljósmyndastofan Myndrún

Rúnar Þór Björnsson

Prentvinnsla: Ásprent/POB ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða
að hluta, þó þannig að heimildar sé getið

Skrifstofa Einingar-Iðju á Dalvík:

Ráðhúsinu

Sími: 466 1340 · Bréfasími: 466 1041

Opnunartími: Kl. 10-14 mánud., þriðjud.,
fimmtud. og föstud. og kl. 10-16 miðvikud.

Skrifstofa Einingar-Iðju í Ólafsfirði:

Múlavegi 1

Sími: 466 2318 · Bréfasími: 466 2681

Opnunartími: Kl. 9-13

Efnisyfirlit:

	bls.
Ferðir næsta sumars	4
Heimasíða félagsins opnuð	6
Hærri einstaklingsstyrkir	6
Leiðari	7
Þing Alþýðusambands Norðurlands	8
Ársfundur Starfsgreinasambandsins	9
Spurning blaðsins	10
Ítalíuferð Einingar-Iðju sumarið 2001	12
Fjallaferð Einingar-Iðju sumarið 2001	18
Ferð aldraðra félagsmanna	21
Desemberuppbót	21
Litið inn á vinnustaði-Greifinn	22
Litið inn á vinnustaði-Álfaborg	23
Litið inn á vinnustaði-Harpa-Sjöfn, Mjöll	24
Afsláttur í líkamsrækt og sund	25
Verðlaunagetraun	26
Greiðslu úr sjúkrasjóði og skattframtalið	26
Rætt við lögfræðing félagsins	27
Kynning á matvæladeild	28
Á léttu nótunum	29
Myndir frá námskeiðum	30
ÚA-skólinn	31

NETTÓ

Kemur á óvart!



Vetrarleiga í húsum Einingar-Iðju

Helgar- eða vikuleiga



**Svigna-
skarð**

- Vel búið hús með heitum potti
- Svefnpláss fyrir 6 manns
- Aðeins eins og hálfs tíma akstur til Reykjavíkur

Tjarnargerði í Eyjafirði

- Nýtt hús með svefnplássi fyrir 9 manns
- Hálftíma akstur frá Akureyri
- Frábært land til útivistar

**Allar nánari upplýsingar veittar
á skrifstofu Einingar-Iðju,
sími 460 3600**

Ertu að hugsa um framhaldsnám?

Tækniskóli Íslands Háskóli atvinnulífsins

Frumgreinadeild

Undirbúningur að námi á háskólastigi
Einnig hraðferð fyrir stúdenta

Tæknifræði

Sjö anna nám sem lýkur með B.Sc. gráðu:

Byggingatæknifræði
Iðnaðartæknifræði
Rafmagnstæknifræði
Tölvu- og upplýsingatæknifræði
Vél- og orkutæknifræði

Iðnfræði

Þriggja anna nám að loknu iðnnámi og prófi úr
undirbúningsdeild Tækniskóla Íslands.

Byggingaiðnfræði
Rafiðnfræði
Véliðnfræði

Iðnrekstrarfræði

Fjögurra anna diploma nám

Alþjóðamarkaðsfræði

Tveggja anna B.Sc. nám að lokinni iðnrekstrarfræði

Vörustjórnun

Tveggja anna B.Sc. nám að lokinni iðnrekstrarfræði

Meinatækni

Átta anna B.Sc. nám

Geislafræði (Röntgentækni)

Átta anna B.Sc. nám



tækniskóli Íslands

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík,
sími 577-1400, fax 577-1401, www.ti.is

LEIKMANNASKÓLI ÞJÓÐKIRKJUNNAR

kynnir námskeið sem haldin verða í
Háskóla Íslands á vorönn 2002

Vald og réttlæti:

Námskeið um konur fyrir konur

Kennari: dr. Sólveig Anna Bóasdóttir
guðfræðingur. Fjögur skipti.

Tími: Miðvikudagar 15. jan. til 5. febrúar
2002 kl. 18:00-20:00. Verð kr. 3.500,-

Siðferðileg álitamál samtímans

Kennari: dr. Sólveig Anna Bóasdóttir
guðfræðingur. Sex skipti.

Tími: Miðvikudagar 30. jan. til 6. mars
2002 kl. 18:00-20:00. Verð kr. 4.900,-

Trúarstef í kvikmyndum

Kennarar: dr. Arnfríður Guðmundsdóttir
lektor, Bjarni Randver Sigurvinsson
guðfræðingur, dr. Gunnlaugur A. Jónsson
prófessor og Þorkell Ágúst Óttarsson BA
guðfræði. Sex skipti.

Tími: Miðvikudagar 6. febrúar til 13. mars
2002 kl. 20:00-22:00. Verð 4.900,-

Hjónin í Saurbæ

Umsjón: Steinunn Jóhannesdóttir
rithöfundur. Fjögur skipti.

Tími: Þriðjudagar 26. febrúar til 19. mars
2002 kl. 18:00-20:00. Verð kr. 3.500,-

Helgistaðir og helgifarir

(pílagrímsgöngur)

Kennarar: dr. Hjalti Hugason prófessor og
Ragnheiður Sverrisdóttir djákni.
Fimm skipti og pílagrímsganga.

Tími: Þriðjudagar 2. til 30. apríl 2002
kl. 20:00-22:00. Verð kr. 4.900,-

Upplýsingar á skrifstofu Leikmannaskólans

Biskupsstofu • Laugavegi 31 • 150 Reykjavík

Heimasíða: <http://www.kirkjan.is/leikmannaskoli/>

Sími: 535 1500 • Bréfsími: 511 1501 • Netfang: frd@biskup.is

Evrópuferð og óbyggðir Vestfjarða

-Þrjár spennandi ferðir á döfinni næsta sumar

Margir biða án efa spenntir eftir að ferðanefnd Einingar-Íðju kynni þær ferðir sem hún hefur skipulagt næsta sumar og nú verður spennunni aflétt. Líkt og verið hefur eru þrjár ferðir á dagskrá.

Í orlofsferðinni er eins og undanfarin ár stefnt út fyrir landsteinana, að þessu sinni til Þýskalands, Tékklands og Austurríkis. Í stað eiginlegrar fjallaferðar verða óbyggðir Vestfjarða skoðaðar og í eins dags ferð fyrir aldraða félagsmenn verður farið út í Grímsey. Hér á eftir verður greint frá helstu atriðum varðandi ferðirnar en allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráningu í ferðirnar eru veittar á aðalskrifstofu félagsins, Skipagötu 14, Akureyri, sími 460 3600, eftir 1. janúar nk. Ef fleiri sækja um Evrópuferðina og Vestfjarðaferðina, fyrir 1. febrúar, en rúm er fyrir þá fara þeir umsækjendur sem flesta orlofsþunkta hafa. Hér á eftir fylgir ferðaáætlun fyrir Evrópuferðina í stórum dráttum en hún er frá 28. maí til 12. eða 13. júní.

Þriðjud. 28. maí-miðvikud. 29. maí:

Farið frá Alþýðuhúsinu á Akureyri með rútu kl. 22.30 að kvöldi þriðjudagsins 28. maí til Keflavíkur. Brottför frá Keflavík kl 7:25 á miðvikudagsmorgni. Lent í Frankfurt kl 12:50 að staðartíma. Ekið til borgarinnar Bayreuth. Gist er á Hotel Rheingold, góðu þriggja stjörnu hóteli skammt frá miðbænum. Á hótelinu eru 146 herbergi, með baði, síma, gervihnattarsjónvarpi og hárpurrku. Kvöldverður er snæddur á hótelinu.

Fimmtudagur 30. maí:

Ekið til heilsuþéttarinnar Karlovy Vary í Tékklandi. Bærinn er byggður í dalverpi við ána Teplá og er hvað frægastur fyrir heilsulindir auk postulíns og glermuna. Gist er á Park Pupp hótelinu og er þar m.a. góð heilsuræktarstöð. Þetta er gott 4 stjörnu hótél og eru öll herbergi með baði, síma, gervihnattarsjónvarpi og hárpurrku. Kvöldverður er snæddur á hótelinu.

Föstudagur 1. júní:

Ekið til hinnar frægu borgar Prag. Eins og flestir eflaust vita er Prag einstök menningar- og listaborg sem á sér glæsta og forvitnilega sögu. Þarna er margt að skoða og sjá og einnig hagstætt að versla, ekki síst kristal og skrautmuni. Gist er á Hotel Pyramida, þriggja stjörnu hóteli skammt

fyrir utan miðborgina. Kvöldverður er snæddur á hótelinu

Laugard. 2. júní-mánud. 4. júní:

Dvalið í Prag. Skoðunarferðir og frjálts tími.

Þriðjudagur 5. júní

Ekið til Vínarborgar í Austurríki og dvalið þar í tvær nætur. Vín er líkt og Prag heimsfræg menningarborg þar sem möguleikar til skoðunarferða og skemmtunar eru óþrjótandi. Gist er á Hotel Hilton Vienna, stóru fyrsta flokks hóteli skammt frá miðborginni.



Afar fallegt er víða í Suður-Þýskalandi og mikil veðursæld.

Miðvikudagur 6. júní:

Dvalið í Vínarborg. Skoðunarferðir og frjálts tími.

Fimmtudagur 7. júní:

Ekið til Bæjaralands í Suður-Þýskalandi að Tegernsee, litlu og fallegu vatni um 50 km suður af München. Litlir smábæir standa allt í kring um vatnið og þarna eru ýmsir afþreyingarmöguleikar í boði. Nefna má siglingar á vatninu, hjólreiðar og fallegar gönguleiðir. Þá eru spennandi skoðunarferðir í boði. Gist er á Hotel Residenz Tegernsee, þriggja stjörnu hóteli í miðbæ Tegernsee. Herbergin eru rúmgóð með baði, síma og sjónvarpi. Lítil sundlaug og gufubað er á hótelinu ásamt bar og bjórstofu.

Föstud. 8. júní-mánud. 11. júní:

Tegernsee og nágrenni. Skoðunarferðir og frjálts tími.

Þriðjudagur 12. júní:

Ekið til flugvallarins í Frankfurt. Brottför þaðan kl. 14:00 og lent í Keflavík kl. 15:35. Verið getur að í stað þess að fljúga heim frá Frankfurt verði flogið frá

München þann 13. júní og lengist þá ferðin um einn dag.

Verð og skilmálar

Ferðin kostar um 140.000 krónur á mann miðað við gengi 23. október 2001 og að flogið verði til og frá Frankfurt. Óafturkræft staðfestingargjald er 5.000 krónur. Innifalið í ferðinni er allur akstur innanlands og erlendis, flug og gisting, í tveggja manna herbergjum með morgunverði alla morgna og þremur kvöldverðum. Dreginir verða 10 orlofsþunktar frá punktainneign viðkomandi. Fararstjóri er Björn Snæbjörnsson og bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson. Leiðsögumaður kemur frá Ferðaskrifstofunni sem annast skipulagningu ferðarinnar en ákveðin óvissa er uppi í þeim efnum sem stendur, vegna gjaldþrots Samvinnuferða.

Óbyggðir Vestfjarða

Fjögurra daga síðsumarferð verður farin til Hólmavíkur og Jökulfjarða 13. til 16. ágúst, ef næg þátttaka fæst. Farið verður á fyrsta degi til Hólmavíkur og gist þar. Á öðrum degi verður farið um borð í bát, siglt fyrir Horn með viðkomu í Hornvík og Aðalvík, ef sjólag leyfir. Þaðan verður farið í Grunnavík og gist næstu tvær nætur. Á þriðja degi verða farnar skoðunarferðir um Jökulfirði, t.d. til Hesteyrar, siglt um Veidíleysufjörð, Lónafjörð, Hrafnfjörð og víðar. Á fjórða degi verður siglt inn Djúpið og komið við í Súðavík og Vigri. Að lokum verður siglt til Arngerðareyrar þar sem stigið verður upp í rútu og ekið sem leið liggur heim. Leiðsögumaður verður með í för um Hornstrandirnar. Bílstjóri, eins og venjulega, verður Sveinn Sigurbjarnarson.

Ferðin kostar 15.000 krónur á mann og innifalið í því er allur akstur, sigling og leiðsögn. Grillað verður eitt kvöld og þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nesti sig sjálft og greiða gistingu. Óafturkræft staðfestingargjald er 2.000 kr.

Ferð fyrir aldraða félagsmenn

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Íðjufélaga verður farin laugardaginn 17. ágúst nk. Farið verður út í Grímsey. Ferðin kostar 3.000 krónur á mann.

Öflug brunavörn



Asýran

DREGUR ÚR SÝRUMYNDUN



ÖFLUGBROUN • HÖGVEIT • GLASI
www.delta.is

Notkunarsvið: Asýran inniheldur ranitíðin sem er notað við sárastjórnun í meltingarfærum, s.s. maga- og skeifugarnasárum, og er fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. Lyfið er notað við hölgum í vélinda sem stalla af því að maganýra kemst úr maga upp í vélinda. **Varnarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir ranitíðni, barnshafandi konur og konur með börn á brjósti mega ekki nota lyfið. Fólk með skerta nýrnastarfsemi er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er tekið. **Aukaverkskrif:** Um 3-5% sjúklinga finna fyrir einhverjum aukaverkunum af völdum Asýran, eins og t.d. höfuðverk, útbrotum, þreytu, niðurgangi og svima. Skömmtun: Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 15.10.01

Ný heimasíða félagsins opnuð

Um miðjan október sl. var opnuð ný heimasíða Einingar-Íðju. Það voru þau Kristín Hjálmarsdóttir og Jón Helgason sem sameiginlega opnuðu síðuna með formlegum hætti en þau voru um árabil í framvarðasveit þeirra tveggja félaga sem sameinuðust í Einingu-Íðju fyrir rúmum tveimur árum. Jón Helgason var lengi formaður Verkalýðsfélagsins Einingar og Kristín Hjálmarsdóttir formaður Íðju, félags verksmiðjufólks á Akureyri.

Við vinnslu síðunnar var lögð áhersla á að hafa uppbyggingu hennar einfalda og skýra. Þannig er henni ætlað að gegna best því hlutverki sínu að auðvelda aðgengi hins almenna félagsmanns að ýmsum upplýsingum er varða félagið, réttindamál launafólks o.fl. Meðal þess sem finna má á síðunni eru fjölbreyttar upplýsingar um félagið og starfsemi þess, svo sem stjórnir, nefndir og trúnaðarmenn félagsins. Einnig má nefna upplýsingar um sjúkrasjóð, orlofshús, lög og reglugerðir, kjarasamninga, námskeið og þá viðburði sem framundan eru og þannig má áfram telja.

Hugmyndin er að í framtíðinni geti fólk í auknum mæli notað heimasíðuna til að reka ýmis erindi sín við félagið og þar með sparað sér sérstaka ferð á skrifstofuna.

Síðan var unnin hjá ANZA ehf. á Akureyri en textagerð og ýmis umsjón var í höndum Fremri kynningarþjónustu á Akureyri. Slóðin á síðuna er www.eining-idja.is



Kristín Hjálmarsdóttir og Jón Helgason opnuðu síðuna með formlegum hætti í sameiningu.

Hærri einstaklingsstyrkir LandsMenntar

– Kannið rétt ykkar!

Í tengslum við síðustu kjarasamninga var stofnaður sérstakur fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni og fékk hann nafnið LandsMennt. Aðalmarkmið sjóðsins er að treysta stöðu einstaklinga á vinnu-markaði og bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Sjóðurinn veitir annars vegar einstaklingsstyrki vegna einstakra námskeiða og hins vegar styrki til stærri verkefna þar sem um væri að ræða samstarf fyrirtækja og verkalýðsfélaga í starfsmenntun, þ.e. skipulagning á heildarlausnum starfstengdra námskeiða á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins.

Sótt um til viðkomandi félags

Sá háttur er hafður á einstaklingsstyrkj-unum að hver félagsmaður getur sótt um styrk til Einingar-Íðju sem metur um-sóknina og afgreiðir styrkinn eftir starfs-reglum LandsMenntar. Eining-Íðja sækir síðan um endurgreiðslu til LandsMenntar. Mjög nauðsynlegt er að fólk nýti sér að sækja um styrki úr sjóðnum. Allir fé-

lagsmenn Einingar-Íðju hafa rétt á að sækja um að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og er fólk hvatt til að hafa samband við félagið og kanna rétt sinn. Ef einstaklingar eru hins vega ósáttir ein-



Allir félagsmenn Einingar-Íðju hafa rétt á að sækja um styrki til LandsMenntar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum

hverra hluta vegna með afgreiðslu félags síns þá geta þeir hinir sömu alltaf leitað til verkefnisstjóra LandsMenntar sem greiðir úr málum í samstarfi við hlutað-eigandi.

Hærri styrkir

Fyrir á árinu ákvað stjórn LandsMenntar að hækka einstaklingsstyrki sjóðsins. Nú er hægt að fá allt að 25.000 króna styrk á ári en var áður 16.000 krónur. Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 60% af náms-kostnaði (var áður 50%). Styrkur vegna aukinna ökuréttinda getur numið allt 40.000 krónum (var áður 28.000 krónur) ef allir fjórir þættir námsins eru teknir.

Styrkir til fjölbreytts náms

Þau námskeið sem styrkt hafa verið nú þegar eru af ýmsu tagi. Má t.d. nefna tungumálanámskeið, tölvunám, vinnu-vélanámskeið, meirapróf og námskeið í eiturefnaflutningum. Einnig geta einstaklingar fengið styrki til þess að sækja almennt nám við öldungadeildir framhaldsskóla, nám við námsflokka eða kvöldskóla sveitarfélags og símenntunarmiðstöðvar þar sem um er að ræða nám sem jafnast á við almennt nám (tungumál, stærðfræði, tölvur o.s.frv.). Þá má nefna nám hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og öðrum fræðslustofnunum.

Leiðari: Með samstöðuna að vopni!

Góðir félagar!

Senn er þetta ár á enda runnið og að vanda er margt að minnast á sviði verkalýðsmála. Kjarasamningar um 700 félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögum á svæðinu voru til að mynda lausir um síðustu áramót og fóru fyrstu mánuðir ársins í að leiða þau mál til lykta. Það tókst afar farsælega og náðust fram umtalsverðar kjarabætur í samningum sem fullyrða má að marki viss tímamót í baráttu okkar fyrir bættum kjörum. Auk verulegra launahækkana má nefna lengingu veikindaréttar um helming og stórauðinn lífeyrisrétt sem dæmi um fjölmörg jákvæð atriði í þessum samningum.

Samstaðan skilar árangri

Skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar hafa verið ofarlega á baugi síðustu misseri. Á síðasta ári var Starfsgreinasamband Íslands stofnað með samruna Verkamannasambands Íslands, Landsambands iðnverkfólks og Þjónustusambands Íslands. Þar með tilheyrðu allir félagsmenn Einingar-Iðju sama landsambandinu. Fyrsti ársfundur hins nýja sambands var haldinn nú á haustdögum og þar gafst kjörið tækifæri til að taka stöðuna, meta árangurinn og horfa fram á veginn. Skemmst er frá því að segja að þær vonir sem uppi voru við stofnun Starfsgreinasambandsins varðandi aukna einingu innan okkar raða virðast hafa gengið eftir. Það eru gömul sannindi en ekki ný að samstaða er lykillinn að árangri í verkalýðsbaráttu. Um það eru áður nefndir samningar við sveitarfélögin skýrt dæmi. Megi þessi vinnubrögð vera okkur fyrirmynd í starfinu framundan.

Breytt starfsgreinaskipting

Í kjölfar stofnunar Starfsgreinasambands Íslands var ákveðið að taka starfsgreinaskiptingu Einingar-Iðju til skoðunar með það fyrir augum að laga hana betur að skipulagi Starfsgreinasambandsins. Formönnum starfsgreinaeilda Einingar-Iðju ásamt formanni og varaformanni félagsins var falið að fara ofan í þetta mál og leggja tillögu fyrir trúnaðar-

rád en það eitt hefur vald til að gera breytingar á deildaskiptingu félagsins. Niðurstaðan varð sú að fækka starfsgreinaeildum félagsins úr sex í fimm og nokkrar starfsgreinar færðust einnig til innan eilda. Meðal þeirra eilda sem þarna voru stofnaðar var matvælaeild en í henni eru þeir sem áður tilheyrðu fiskvinnslueild, auk annarra hópa sem starfa við matvælavinnslu og voru áður ýmist innan iðnverkadeilda félagsins eða almennu deildarinnar. Á öðrum stað hér í blaðinu er einmitt kynning á matvælaeildinni sem nú er stærsta deild félagsins. Af þessu tilefni langar mig að víkja nokkrum orðum að málefnum fólks sem starfar í þessum geira atvinnulífsins.

Tæknibreytingar í fiskvinnslu

Ljóst má vera að matvælavinnsla er ein af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar og þar af leiðandi atvinnugrein sem skiptir miklu að vel sé hlúð að. Þetta á ekki síst við um Eyjafjörð þar sem úrvinnsla matvæla er mjög stór hluti atvinnulífsins, bæði á sviði úrvinnslu sjávar- og landbúnaðarafurða. Breytingar sem verða á þessum sviðum snerta því stóra hópa fólks. Á tiltölulega fáum árum hafa t.d. gríðarlegar tæknibreytingar orðið í fiskvinnslunni og í framhaldi af þeim verulegar breytingar á vinnuáðstæðum fólks. Sumar þessara tæknibreytingar eru með ólíkindum og vélar sjá nú um verk sem engan gat fyrir fáum árum órað fyrir að yrðu unnin öðruvísi en með mannhendinni. Þetta hefur þýtt minni þörf fyrir vinnuafli innan greinarinnar en þó má segja að aukning hafi orðið á starfsemi stærri fyrirtækja á svæðinu í kjölfar þessa. Þar kemur m.a. til aukin vöruþróun, fullvinnsla og beinn útflutningur á erlenda markaði. Hins vegar ber á því að vinna hjá minni fyrirtækjum sé orðin stopullí en áður. Þá má nefna að laun innan fiskvinnslunnar hafa hækkað en á móti kemur að fólk hefur tekið á sig verulega aukið vinnuálag og stór spurning hvornig það kemur út þegar til lengri tíma er litið. Hætta á ýmsum álagssjúkdómum eykst t.d. stórlega og einnig má



Matthildur Sigurjónsdóttir.

búast við að fólk endist ekki eins lengi í starfi og sækir á önnur mið. Það hefur aftur í för með sér aukinn kostnað fyrir atvinnurekendur við að þjálfa upp nýtt starfsfólk.

Allir séu upplýstir um rétt sinn

Ein sérstaða matvælaeilda felst í því að margir sem þar starfa fylla hóp þeirra sem nefndir eru nýir Íslendingar, þ.e. eru af erlendu bergi brotnir. Þá er einnig algengt að útlendingar komi til landsins með það fyrir augum að starfa hér tíma bundið. Við höfum í fréttum heyrt dæmi um óprúttna menn sem brjóta á þessu fólki og láta það njóta minni réttinda en því ber. Þó svo að slíkt sé vonandi sjaldgæft ber okkur innan verkalýðshreyfingarinnar að tryggja að allir séu vel upplýstir um réttindi sín og skyldur. Því er nauðsynlegt að koma meiri upplýsingum til umrædds hóps verkafólks en tungumálaerfiðleikar eru ákveðin hindrun í þeim efnum. Í samvinnu við fleiri aðila er Eining-Iðja nú að vinna að úrbótum á þessu sviði þannig að tryggt verði að útlendingar sem hér starfa um lengri eða skemmri tíma séu ætíð meðvitaðir um réttindi sín.

Góðir félagar. Um þessar mundir stendur yfir dimmasti tími ársins en þó stýttist í að daginn taki að lengja á ný. Framundan er nýtt ár með nýjum tækifærum. Við skulum horfa með bjartsýni fram á veginn, minnug þess að meðan við stöndum saman fær ekkert stöðvað okkur.

**Matthildur Sigurjónsdóttir,
varaformaður Einingar-Iðju.**

AN-þing á Illugastöðum 5.-6. október:

Ný lög og ályktað um ýmis mál

Þing Alþýðusambands Norðurlands var haldið að Illugastöðum í Fnjóskadal 5.-6. október sl. Þingið var hið 27. í röðinni en þau eru haldin á tveggja ára fresti. Innan AN eru stéttarfélög allt frá Hrutafirði í vestri til Þórshafnar í austri sem hafa innan sinna vébanda rúmlega 11.000 félagsmenn. Áttu um 100 fulltrúar rétt til setu á þinginu.

Sambandið á að baki meira en 50 ára sögu þótt starfsemi og hlutverk þess hafi tekið ýmsum breytingum á þeim tíma eins og gefur að skilja. Meðal þess sem lá fyrir þinginu nú var einmitt að fjalla um breytingar á skipulagi og starfsháttum sambandsins og voru ný lög þess samþykkt á þinginu. Í raun verður AN ekki með eiginlega starfsemi fyrir utan þing annað hvert ár og fulltrúafundi þess á milli, einnig annað hvert ár. Helstu mál þingsins þar fyrir utan voru kjaramál, atvinnu- og byggðamál og kynning á nýju kennslufni fyrir grunn- og framhaldsskóla um vinnumarkaðinn.

Byggða- og atvinnumál

Á þinginu var mikil umræða um byggða- og atvinnumál og þá stöðu sem víða er á landsbyggðinni. Í ályktun um þessi mál kemur m.a. fram að lýst er eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og byggðamálum. Nóg sé komið af skýrslugerðum og tími framkvæmda ætti að vera löngu haf-

inn. Þingið lýsti sig fylgjandi virkjun og uppbyggingu orku-freks iðnaðar á Austurlandi og lýsti eftir umræðum í þjóðfélaginu um hliðstæðar framkvæmdir á Norðurlandi, sem byggist á virkjun fallvatna og háhita. Þá kallaði þingið eftir fiskveiðistjórnun sem taki mið af lífríki hafsins, lífsafkomu sjómanna og landverkafólks.

Næsta brýna verkefni í byggðamálum taldi þingið vera gerð jarðganga undir Vaðlaheiði og skorað var á þingmenn og sveitarstjórnir að vera sýnilegri í baráttunni fyrir þessu verkefni. Stórhækkun farmgjalda flutningsfyrirtækja var mótmælt harðlega en á undanförnum misserum hefur flutningskostnaður á vöru til almenninga og fyrirtækja á landsbyggðinni verið að aukast til viðbótar hækkðu olíuverði og hærri þungaskatti.

Þá má geta þess að þingið átalði stjórnendur Ríkisútvarpsins fyrir að draga úr framlögum til rekstrar Svæðisútvarps Norðurlands á Akureyri með þeim afleiðingum að stytta þurfti útsendingartíma og fækka starfsfólki. Þess má geta að nú hafa morgunútsendingar RÚVAK verið hafnar að nýju þannig að stjórnendur Ríkisútvarpsins hafa að einhverju leyti séð að sér.



Á þinginu var mikil umræða um byggða- og atvinnumál og þá stöðu sem víða er á landsbyggðinni.

Kjaramál

Í ályktun um kjaramál kemur m.a. fram að þingið krefst þess að vextir verði lækkaðir. Hafnað var þeirri skattastefnu stjórnvalda sem kemur fram í því að lækka fyrst skatta gróðafyrirtækja, hátekju- og eignafólks. Þingið krafðist þess að skattalækkunarir lágtækjufólks hafi forgang og annað svigrúm verið notað til hækkunar á barna- og vaxtabótum. „Verði ekki gripið til aðgerða er ljóst að kjarasamningar launafólks verða í uppnámi þegar endurskoðun þeirra fer fram í febrúar 2002,“ segir m.a. í ályktuninni.

Kennslufni fyrir unga fólkið

Ásmundur Hilmarsson frá Menningar og fræðslusambandi alþýðu kynnti kennslufni sem hann er að vinna fyrir sambandið og ætlað er til kennslu í grunn- og framhaldsskólum. Námsfnið fjallar m.a. um þau réttindi og skyldur sem ungmenni takast á við þegar þau hefja þátttöku á vinnumarkaði.

Ný stjórn

Ný stjórn Alþýðusambands Norðurlands til tveggja ára var kjörin á þinginu. Hana skipa: Konráð Alfreðsson, formaður, Sjómannafélagi Eyjafarðar; Ágúst Óskarsson, varaformaður, Verslunarmannafélagi Húsavíkur og Guðni Kristjánsson, ritari, Öldunni, Sauðárkróki. Varamenn til tveggja ára voru kjörnir Olga Gísladóttir, Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar; Ásgerður Pálsdóttir, Samstöðu og Einar Hjartarson, Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri.



Einingar-Íðju konur á AN-þingi.

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands

Svo mikið hefur gerst

-sagði Halldór Björnsson, formaður m.a. í setningarræðu

Fyrsti ársfundur Starfsgreinasambands Íslands var haldinn dagana 18. og 19. október sl. á Hótel Loftleiðum. Sambandið var sem kunnugt er stofnað fyrir ári síðan, með sameiningu Verkamanna-sambands Íslands, Landssambands iðn-verkafólks og Þjónustusambands Íslands. Fjórtaán fulltrúar frá Ein-ingu-Íðju sátu fundinn.

Fjöldmörg verkefni lágu fyrir ársfundinum, auk hefð-bundinna ársfundarstarfa. Í málefnanefndum var m.a. fjallað um atvinnu- og byggðamál, kjaramál og starfsmenntamál, auk þess sem fjallað var um innri mál-efni sambandsins.

Gengum ekki í takt

Halldór Björnsson, for- maður sambandsins kom víða við í ræðu sinni við setningu ársfundarins. „Það er ótrúlegt að það sé ekki nema ár síðan við stofnuðum Starfsgreinasambandið. Svo mikið hefur gerst og svo miklu höfum við áorkað. Það er ástæðulaust að rifja það upp í smáatriðum hvernig ástandið var í okkar röðum fyrir rúmu ári. Það er nóg að við höldum því til haga að við vorum meira og minna sundraður félagsskapur. Við gengum ekki í takt,“ sagði Halldór m.a. Einnig kom hann inn á starfsmenntamál þar sem mikill árangur hefur náðst. Sér- stök áhersla hefur verið lögð á svonefnda forystufræðslu sem Halldór sagist telja eitt af lykilverkefnum verkalýðshreyfingar- innar á næstu árum. Hann fjallaði einnig um atvinnu- og kjaramál og þá stöðu sem upp er komin í þeim efnum og í lok setn- ingarræðunnar ítrekaði hann þann góða ár- angur sem náðst hefur í að stilla saman strengi innan verkalýðshreyfingarinnar.

Samstaða lykillinn að góðum árangri

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, ávarp- aði þingið og fjallaði nokkuð um þann ár- angur sem Starfsgreinasambandið hefur náð á sínu fyrsta starfsári. Hann lagði höf- uðáherslu á mikilvægi samstöðunnar en ræddi enn fremur um nýjustu útspil ríkis- stjórnarinnar í efnahagsmálum. „Ég held

að æ fleiri séu að sannfærast um þau gömlu og góðu sannindi að samstaðan er lykill- inn að góðum árangri. Þá er ég ekki að tala um samstöðu sem byggir á því að allir séu alltaf sammála og syngi í einradda kór, heldur að menn umgangist ósamkomulag — ef og þegar um það er að ræða —



Fulltrúar Einingar-Íðju eru hér þungir á brún þannig að líkast til hafa al- vörumál verið til umræðu.

þannig, að það eyðileggi ekki fyrir mál- stað hreyfingarinnar. Hún á — og um það erum við öll sammála — brýnt erindi til ís- lensku þjóðarinnar,“ sagði Grétar.

Mistök í hagstjórninni

Talsverðar umræður urðu um væntan- lega endurskoðun á launalið kjarasam- ninganna í febrúar næstkomandi og hvaða áhrif aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skatta- málum koma til með að hafa á hana. M.a. hélt Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmda- stjóri ASÍ, erindi um þróun og horfur í kjaramálum undir yfyrskriftinni „Mistök í hagstjórninni“. Í máli hans kom fram að ábyrgð ríkisstjórnarinnar á því hver staðan er í dag er mikil. Ríkisstjórnin hefur látið Seðlabankanum einum eftir að fylgjast með verðbólgu og grípa til aðgerða gegn henni. Hann sagði jafnframt að fjárlaga- frumvarpið komi á móti til að leiða til enn frekari úþpenslu ríkiskerfisins og skattatil- lögur stjórnarinnar séu í mörgu tilliti óhag- stæðar hagsmunum launafólks.

Málstofa um húsnæðismál

Í tengslum við ársfundinn var haldin sérstök málstofa um húsnæðismál. Fram- sögumenn voru Sigurður Bessason, for-

maður Eflingar, Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu og Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Al- þýðusambands Íslands.

Vantar stefnumótun til langs tíma

Í máli Magnúsar kom fram að almennt eignaríbúðakerfi er grund- vallar fyrirkomulag húsnæð- ismála á Íslandi. Það hefur hins vegar liðið fyrir skort á langtímastefnumótun og áætlanagerð, ómarkvissar og fljótfærnislegar ráðstafanir hvers nýs ráðherra og ófull- nægjandi og óstöðugar end- urgreiðslur í formi vaxta og húsnæðisbóta. Almennt leiguíbúðakerfi hafi ekki náð að þroskast hér á landi „vegna einsýni og landlægra fordóma,“ eins og hann orð- aði það. Það þarfnast nýrra húsaleigulaga, bættis rekstrar-

umhverfis og almennra og viðunandi húsa- leigubóta. Opinbert fjármagn til mála- flokksins virðist vera nægilegt en bæta þurfi og breyta ráðstöfun þess, m.a. með upptöku stofnstyrkja. Opna eigi einkafjár- magni leið inn á leigumarkað, styrkja bú- seturéttarfyrirkomulagið og opna á nýjar og ferskar hugmyndir. „Með skynsamleg- um og vel undirbúnum áætlunum og fram- kvæmdum er hægt að leysa allan vandann og byggja um leið upp manneskjulegan húsnæðismarkað fyrir alla Íslendinga,“ sagði Magnús.

Stofnstyrkir frá ríki og sveitarfélögum

Sigurður Bessason talaði á svipuðum nótum. Sameina þurfi kraft samfélagsins, þ.e. ríkisvalds, sveitarstjórna, samtaka at- vinnulífsins og launþegasamtakanna til að uppræta húsnæðisvandann. Stofnstyrkir við kaup á íbúðarhúsnæði komi bæði frá ríki og sveitarfélögum, lán verði veitt til mjög langs tíma og ríkið leggi til stofn- styrki sem nemi a.m.k. 20% af íbúðar- verði. Sveitarfélögin verði að taka á sig sem nemur 10% af íbúðaverði, t.d. í formi gatnagerðargjalda. Þá nefndi Sigurður að leitað verði til lífeyrissjóða varðandi fjár- mögnun sem beri eðlilega vexti.

Spurning Einingar-Iðju blaðsins

Hvernig líst þér á hugmyndir um jarðgöng undir Vaðlaheiði?



Margrét Marvinsdóttir, Norðurmjólk:

„Mér líst mjög vel á þær og er viss um að þetta er þjóðþrifamál. Ég er reyndar líka með hugmynd sem ég ligg ekki á að öðrum jarðgöngum, þ.e. undir Tröllaskagann svo að við losnum við Öxnadalshéiðina líka.“



Þorsteinn E. Arnórsson, skrifstofu Einingar-Iðju:

„Ég held að flestum hljóti að lítast vel á Vaðlaheiðargöng og tel að þau komi bæði Þingeyingum og Eyfirðingum til góða. Fyrir Einingu-Iðju er þetta einnig hagsmunamál því ég hef trú á að með göngum aukist nýting á orlofshúsahverfinu á Illugastöðum.“



Ingibjörg Ólafsdóttir, Leikskólanum Iðavöllum:

„Ég hef nú reyndar ekki kynnt mér þetta mál neitt sérstaklega þannig að á þessu stigi held ég að ég verði að vera frekar hlutlaus.“



Geir Guðmundsson, Vegagerð ríkisins:

„Mér líst vel á þær. Ég er ekki í nokkrum vafa um að göng myndu bæta samgöngur til muna. Suma vetur er þetta lífsnauðsyn fyrir það fólk að austan sem sækir vinnu sína hingað í bæinn og/eða þjónustu.“



Garðar Vésteinsson, Dekkjahöllinni:

„Mér líst vel á þær. Jarðgöng styttu leiðina á milli og það hlýtur að bæta samgöngur.“



Sigríður Þórisdóttir, Hrafnagilsskóla:

„Mér líst mjög vel á þær. Það er engin spurning að jarðgöng yrðu mikil bót fyrir þá fyrir austan.“



Sigríður K. Bjarkadóttir, Leikskólanum Pálmholti:

„Mér líst vel og þær og hef raunar ekkert meira um það að segja.“



Sæbjörn Jónsson, Plast-iðjunni Bjargi, Iðjulundi:

„Mér líst nokkuð vel á þær, sérstaklega ef þær yrðu til þess að menn gætu fengið fyrr heitt vatn frá Reykjum inn í Fnjóskárdal. Þar að auki styttr þetta leiðina austur töluvert.“



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



AKUREYRARBÆR
Geislagata 9 - 600 Akureyri
Sími 460 1000 - Fax 460 1001
www.akureyri.is

Blómabúðin
AKUR
KAUPANGI V/MÝRARVEG



VÉLSMIÐJAN ÁSVERK EHF.



SPARISJÓÐUR ÓLAFSEJARDAR
spol.is



MÖL&SANDUR HF.
V/Súluveg • 600 Akureyri • Sími 460 2200 • Fax 460 2201
www.simnet.is/mogs • mogs@simnet.is



Sjálfsbjörg Akureyri
Sími 462 6888



SAMHERJI HF
samherji.is



Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíðu 7 601 Grenivík
Sími: 463-3160 Fax: 463-3217



Gullsmiðir
Sigtryggur & Pétur sf.
Sími 462-3524 - Fax 461-1325



www.flytjandi.is



www.byko.is

BYGGINGAVERKTAKI
SS BYGGIR
.....á traustum grunni

ÁSBYRGI - flóra
Frostagötu 2a, 603 Akureyri, Sími 462 3280 & 461 1155

Höldur ehf.
www.europcar.is

form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR
KAUPANGI V/MÝRARVEG • 600 AKUREYRI • SÍMI 462-6099



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
- þar sem tryggingar snúast um fólk
WWW.VIS.IS



Verkfræðstofa Norðurlands ehf.
www.nm.is



Sími 461 1172



Krossanesi • S: 460 7200
www.laxa.is



BLIKK- OG TÆKNIÞJÓNUSTAN hf.
Sími 462 4017



Þormóður rammi hf.
580 Siglufjörður - Ísland



www.kjarnafædi.is



TRÉSMIÐJAN BÖRKUR HF
Sími 462 1909



Glerárgötu 24
600 Akureyri
www.kpmg.is

PENNINN BÓKVAL
Hafnarstræti 91 - 93 • Sími 461 5050 • Fax 461 5051
www.penninn.is

GLOFI
randburg.com/is/glofi.html



Sjómannasamband Íslands

Sumarferð Einingar-Íðju til Ítalíu 3. - 18. júní 2001

Þegar félagið bauð upp á ferð til Ítalíu hefur hjartað í mörgum eflaust tekið smá kipp. ÍTALÍA! Land sem hefur upp á svo margt spennandi að bjóða. Allir þekkja matinn, vínið, landslagið og ekki má gleyma stórbrotinni sögu landsins, þar sem hvert svæði og hver stórborg höfðu eitt sinn sína eigin höfðingja og stjórnendur eins og t.d. Feneyjar og Róm. Ekki má heldur gleyma allri þeirri listsköpun sem finna má á Ítalíu í byggingum, málverkum, höggmyndum, tónlist og mörgu fleiru. Margir fóru að láta sig dreyma um rómantik í gondólum eða afslöppun í sól og sælu á Rimini og þegar fór að vora höfðu 55 skráð sig í ferðina.

Sunnudagurinn 3. júní: Lagt af stað

Sunnudaginn 3. júní kl. 21 voru flestir mættir við Alþýðuhúsið á Akureyri, þar sem rúta stóð tilbúin að flytja fólkið á Keflavíkurflugvöll. Ferðin suður gekk vel og var róleg framan af. Farþegarnir reyndu að hvíla sig fyrir næstkomandi daga og létu sig dreyma um það sem var í vændum. Þegar leið á nóttina og farþegar á Stór-Reykjavíkursvæðinu bættust í hópinn fóru menn að hressast og spenningurinn leyndi sér ekki. Allir voru með hugann við Ítalíu, þótt menn hefðu sjálfsagt mismunandi væntingar um komandi daga.

Í Reykjavík bættist leiðsögumaðurinn, Vilborg Halldórsdóttir, í hópinn og mörgum létti. Þarna var komin kona sem kunní ítölsku. Engin tungumálavandamál áttu að vera framundan.



Það var föngulegur hópur sem hélt til Ítalíu í sumarferð Einingar-Íðju.

Mánudagurinn 4. júní: „Bon giorno Italia“

Klukkan 6 var farið í loftið. Það var flogið beint til Rimini þar sem bílstjórinn Sveinn Sigurbjarnarson eða „Svenni“ tók á móti hópnum, hressað vanda, og flutti okkur á fyrsta áfangastað, Garda.

Vilborg kenndi okkur margt á leiðinni. Fyrst af öllu kenndi hún okkur að segja „Quantlé kosta“ (hvað kostar þetta) og sennilega var það mest notaða ítalska setningin í ferðinni. Það sást á farangrinum að ferðinni lokinni.

Við komum til Garda kl. 18 og héldum rakleiðis á Hótel Royal sem átti að vera heimili okkar næstu 6 nætur. Það var gott að fá þriggja rétta máltíð eftir langan dag

og hvíla sig fyrir þann næsta sem átti eftir að bjóða upp á margt spennandi.

Þriðjudagurinn 5. júní: Verona

Eftir góðan morgunmat var lagt af stað til Verona sem er stutt frá Garda. Þar tók á móti okkur ítalskur leiðsögumaður sem fór með okkur í tveggja tíma gönguferð um gamla bæinn. Þar er m.a. Arena hringleikahúsið sem var byggt á 1. öld. Það er þriðja stærsta hringleikahúsið í heiminum og það eina sem ennþá býður upp á óperur og aðra söngleiki undir berum himni. Við fengum einnig að sjá söguvið harmleiksins um Rómeó og Júlíu. Þar er stytta af Júlíu og sagt er að það boði gott í ástarmálum að snerta vinstra brjóst hennar. Það er erfitt að hugsa sér rómantikina í verki Shakespears þegar beðið er í langri röð túrista til að geta myndað svalir Júlíu. En þegar litið er í kringum sig blasa ástir okkar aldar við á öllum veggjum í portinu, þar sem elskendur nútímans hafa krotað nöfn sín.

Í hádeginu var borðað á Piazza delle Erbe og eftir matinn var rölt um bæinn til kl. 15. Þá var haldið á ný til Garda, þar sem menn slöppuðu af við sundlaugina til kl. 20. Hópurinn fór saman á veitingahús við Gardavatn og þar sem ítalskan var ekki okkar fag var gott að hafa Vilborgu sér við hlið. Ég er enn að dást að þjónustuliðinu sem stóð sig mjög vel þrátt fyrir 55 manna árás öllum að óvörum. Það fær fimm stjörnur.



Í Verona var Arena-hringleikahúsið skoðað.

Þetta var góður dagur. Það eina sem fólk kvartaði yfir var hitinn, 28°C.

Miðvikudagurinn 6. júní: Feneyjar

Við tókum daginn snemma og lögðum af stað frá hótelinu kl. 8. Okkur var ekið beint til Torcello og þaðan var bátur tekinn til Feneyja. Á Markúsartorgi hittum við leiðsögumann staðarins. Hann sagði okkur margt um torgið, byggingar og brýr. Saga staðarins er löng og mikil, enda allar ferðabækur með sér kafla um Feneyjar.

Eftir að hafa skoðað Markúsartorg og Hertogahöllina að utan var farið með hópinn í glergallerí þar sem við fengum að sjá hvernig gler er blásið. Maðurinn, sem var að vinna, tók glerklump, hitaði hann í ofni og „togaði“ svo út úr honum þennan fína hest. Síðan fengum við að skoða Murano glerverksmiðjuna þar sem allir hlutir eru handgerðir. Frábær listaverk og hægt að eyða nokkrum milljónum líra.

Eftir þetta gat hópurinn farið sínar eigin leiðir, látið draumana rætast í gondólaferð eða á góðum veitingastað. Undirrituð fór upp í hæsta útsýnisturninn á Markúsartorgi. Þaðan var gott útsýni yfir allar 117 eyjarnar, en þær liggja svo þétt að þær



Maggi í „góðra fugla hópi“ á Markúsartorgi, Feneyjum.

virðist í raun ein stór heild, enda ein borg með 15.000 húsum og tæplega 400 brúm yfir 150 kanala og — það sem merkilegast er — engum bílum.

Kl. 16 hittust allir aftur til að fara „heim“. Veðurguðirnir buðu upp á þrumur og eldingar og smá rigningu, en engum varð meint af (sumum fannst reyndar nokkuð kalt þennan dag, aðeins 19°C.) Við komum á hótelið kl. 19:30 eftir góðan dag. Ein vika í Feneyjum væri ekki nóg til að njóta alls þess sem þær hafa upp á að bjóða, hvað þá einn dagur.

Fimmtudagurinn 7. júní: Gardavatn

Nú var komið að því að skoða nánasta umhverfi okkar og fara í siglingu á Garda-

vatni, sem er stærsta vatn Ítalíu. Veðrið lofaði góðu, heiður himinn og 26°C. Ekið var til Sirmione sem er langur tangi út í vatnið. Tangi þessi laðar til sín flesta þá ferðamenn sem koma til Gardavatns, en aðalsmerki hans er kastali sem Scala-fjöl-skyldan frá Sikiley lét byggja sér sem sum-



Vilborg og Elisabeth, leiðsögumenn.

arhús á 12. öld. Sagt er að Dante hafi búið í höllinni og kallað Sirmione „perlu vatns-ins.“ Þar var gaman að ganga um og skoða fallega garða og kastalamúrana. Þess má geta að ein kráin þar bar nafnið Elli og einn úr hópnum var ánægður að sjá nafnið sitt á slíkum stað.

Frá Sirmione var siglt til Gardone þar sem beið okkar fínasta máltíð. Gardone er fallegur strandbær, þar sem hinir ríku byggðu sér glæsihýsi, enda staðurinn



Lífeyrissparnaður er spurning um traust

Samkvæmt neyslukönnun Gallup velja flestir þeirra sem nýta sér viðbótarlífeyrissparnað að ávaxta hann í Lífeyrissparnaði Landsbankans.*

Komdu þínum sparnaði í traustan farveg í næsta útibúi Landsbankans eða á landsbanki.is. Þú getur líka hringt í síma 560 6000 og gengið frá málnum.



þekktur fyrir sérstaklega milt loftslag. Eftir matinn var siglt til Saló sem er lítill bær með þröngum en líflegum götum. Þar þefaði undirrituð uppi postulínsmálara sem sýndi okkur frábær listaverk. Einhverjir úr hópnum stóðust ekki freistinguna og keyptu sér fallega handmálaða hluti til minningar um þessa ferð.

Þegar „heim“ var komið fór hópurinn að hugsa um kvöldmat. Flestir voru orðnir það góðir í ítölskunni að þeir gátu séð um sig sjálfir hvað matarpantanir varðaði. Nokkrir fóru saman niður að Gardavatni og borðuðu úti við kertaljós og notalegheit. Góður endir á góðum degi.

Föstudagurinn 8. júní:

Padova

Þennan dag voru allir snemma á ferð því nú átti að nota daginn vel og gera margt. Lagt var af stað kl. 8 og haldið til Padova sem er stutt frá Feneyjum. Við lentum í umferðarteppu og því seinkaði okkur um u.þ.b. klukkustund. Bíll með pappírsmarmi hafði oltið á hraðbrautinni og pappírinn var úti um allt. Sem betur fer urðu ekki slys á fólki. Þetta varð til þess að leiðsögumaðurinn, sem ætlaði að vera með okkur í Padova, hafði ekki mikinn tíma til að sýna okkur staðinn. Við komumst þó að kirkju Heilags Antoníusar. Kirkjan reyndist svo heilög að hluti af hópnum mátti ekki fara inn vegna ósiðsamlegs klæðnaðar (stuttbuxur og ermalausir bolir bannaðir). Þeir sem fóru inn voru ánægðir með það sem sýnt var, tíminn var bara af of skörum skammti.

Eftir mat var farið að skoða stóran úti-markað, en þegar þangað var komið voru kaupmenn að taka saman og loka. Seinheppnin elti okkur eina ferðina enn þennan



Íslenska fánanum var flaggað af fleiri en Íslendingum og var Vilborg hin ánægðasta með það.

daginn. Þegar líða tók að kvöldi þurftum við að leita að Svenna, eða Svenni að okkur, því hann þurfti oft að geyma rútuna utanbæjar. Eftir rölt fram og til baka sást loks í Drottninguna og allir voru fegnir eftir langan og erfiðan dag. Það er bara þannig, líka á ferðalögum, að allt gengur ekki alltaf eins og maður óskar sér. Það sem stóð helst upp úr eftir daginn var torg sem við gengum í gegnum, Parato della Valle, sem er næst stærsta torg Evrópu. Þar voru margar stytur og fallegur gosbrunnur. Kl. 19 vorum við komin heim á hótél og allir hlökkudu til næsta dags sem var frjáls dagur.

Laugardagurinn 9. júní:

Frjáls dagur

Það var gott að geta sofið aðeins lengur einn dag og tekið því rólega. Margir slöppuðu af við sundlaugina allan dag-

inn meðan aðrir fóru í gönguferðir með fram vatninu eða upp í hlíðarnar fyrir ofan hótelið. Sumir kíktu líka í búðir. Undirrituð þurfti í hraðbanka en „Lírú-kassinn“ var svo svangur að hann glepti kortið og sást það ekki meir. Bjössi var fljótur að redda málunum svo hin óheppna gat tekið gleði sína á ný með fulla vasa af peningum. Þetta var notalegur dagur.

Sunnudagurinn 10. júní:

Flórens - Montecatini Terme

Lagt var af stað frá hótelinu kl. 8. Ferðinni var heitið alla leið til Flórens, þar sem eyða átti smá tíma áður en haldið yrði til Montecatini. Þar áttum við að halda til næstu þrjár nætur. Við komum til Flórens eða Firenze kl. 12 svo það var nú ekki mikill tími til að skoða borgina. Eitt eiga Flórens, Róm og Feneyjar sameiginlegt. Flestar ferðabækur hafa sér kafla fyrir þær því þar er svo margt að sjá.

Það fyrsta sem við skoðuðum voru stytur á Piazza della Signoria. Þar eru margar frægar stytur eins og t.d. Davíðsstytta eftir Michelangelo. Þá voru Dómkirkjan og Skírnarkapellan skoðaðar. Síðan var okkur gefinn laus taumurinn og gátum við notað tímann til að skoða okkur um. Kl. 16 hittist hópurinn aftur og við gengum saman til að finna rútuna. Við gengum upp langar og miklar tröppur á stíg sem hét víst „Píslargangan“ og var það réttnefni fyrir okkur sem höfðum gengið allan daginn. Upp komust þó allir og útsýnið var þess virði að þúða smávegis. Kl. 20:30 komum við svo til Montecatini Terme á hótelið Lago Maggiore og allir voru fegnir að komast í ró en...



Birni formanni fannst mjög gott að sitja í sólinni og var kominn á ströndina á undan flestum öðrum.

Mánudagurinn 11. júní: Pisa

... morguninn eftir kom ýmislegt í ljós. Fólkhafði fengið misgóð herbergi og hafði hver sína sögu að segja. Sumir fengu herbergi án sturtu meðan aðrir stáðu af setbaðkörum. Einn hafði verið í sturtu þegar



Skakki turninn í Pisa var skoðaður.

þjónustustúlkan kom askvaðandi inn. Hann var lítið hrifinn en aðrir öfunduðu hann af góðri þjónustu. Þá var gerð þessi vísa:

Magnús þrifa þáði það
þjónustunnar vegna,
hvað það kostar, skítt með það
Nú þarf Bjössu að hegna.

Önnur kom strax á eftir og sá „skáldið“ atburðinn á annan hátt.

Sælu Magga svipur á
skítt með öfund Bjössu,
í það ég fer og boða þá
baðdömunu þessa.

Einu herbergi fylgdi lítil sæt salamandra sem þótti ekki góður herbergisfélagi. Eftir smá læti kom hótelsstjórinn og bjargaði málunum. Var þá kveðið:

Möggum og dýrinu brá, brá
bæði svo þögul og smá, smá,
að hjálpa sér Guð það hún þá, þá
en ítallinn flutt'ana já, já.



Sigríður, Unnur, Rósa og Ásbjörn að hvíla lúin bein.

Ekki var þess getið hvort var flutt á brott, Magga eða dýrið!

Eftir morgunmat var farið til að skoða Pisa, borg skakka turnsins. Við komum þangað kl. 14 og þar tók ítalski fararstjórinn á móti okkur og sýndi okkur svæðið á met tíma. Borgin hefur áhugaverða sögu og margar byggingar frá blómaskeiði hennar, er hún var sjálfstætt lýðveldi, setja svip á borgina. Sérstaklega á það þó við um Dómkirkjuna sem skartar hinum fræga skakka klukkuturni. Þarna á svæðinu er líka sérkennilegur kirkjugarður, Camposanto frá 1278, sem er umluktur miklum

www.flugfelag.is

... fljúgðu frekar

Freistandi ferðatilboð á flugfelag.is

einfalt
hratt
hagkvæmt

websales@airiceland.is
sími 570 30 30 - fax: 570 3001

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

– fyrir fólk eins og þig!



múrum. Hægt er að fara upp í turn á múrn-um, ganga hring um garðinn og sjá niður í hann, auk þess sem hægt er að sjá bygg-ingarnar frá öðru sjónarhorni.

Eftir að hafa skoðað þessi „undur ver-aldar“ var snúið heim á leið og þangað var komið kl. 19:30. Til allrar lukku var búið að flytja sum í hópnum í ný og betri her-bergi. Magga var laus við öll „gæludýr“ og allir voru ánægðir.

Priðjudagurinn 12. júní: Montecatini Terme - Lucca

Þennan dag gat hver og einn notað til að skoða þennan litla notalega bæ, Montecatini Terme. Hann er þekktasti heilsustaður Ítala með yfir 220 hótél og heilsuhæli og þar er einnig mikið af fallegum gördum. Vatnið þar á að vera sérstaklega heilsu-samlegt. Það kemur úr uppsprettu sem er 60-80 metrum undir sjávarmáli. Á hverju ári koma þangað margir, ungir sem aldnir, til að láta stjarna við sig og láta sér líða vel.

Þar sem við þekktum ekki staðinn spurð-um við hótélstjórann hvað best væri að gera þennan dag. Hann var ekki sleipur í enskunni (og við ekki heldur) en hann gaf okkur götukort og benti okkur á stað sem heitir Terme, sem átti að vera mjög sér-stakur. Einnig benti hann okkur á að hægt væri að taka toglest upp á hæð nálægt bænum. Við héldum þrjú af stað, án þess eiginlega að vita hvert við ætluðum. Það eina sem við vissum var að við vildum fara upp á hæðina Alto og því gengum við áleiðis. Í byggingu einni hljómaði tónlist sem lokkaði okkur nær.

Þvílíkur staður. Byggingar með súlna-göngum, gosbrunnum, allskonar gördum og litlum hofum eða garðskálum. Á ein-



Í Lucca var lagið tekið með hefðbundnum, íslenskum hætti, heimamönnum til mikillar ánægju.

um staðnum var hljómsveit að spila og syngja fyrir gesti og það var mjög notalegt að sitja þar og hlusta á fallegan söng. Þarna var líka gallerí, dýrar verslanir og flottir veitingastaðir. Þetta var greinilega staður fyrir vel efnað fólk. Eftir því sem við komumst næst var þetta heilsuhæli frá 18. öld sem bauð ennþá upp á allskonar heilsu-meðferðir, nudd, leirböð og fleira. Þegar við vorum búin að skoða okkur um í tvo og hálfan tíma var staðnum lokað vegna siesta Ítalanna. Við fórum því að leita að toglestinni í nágrenninu. Hún flutti okkur upp á topp á Alto-hæðinni. Þetta var lítill kastalabær sem gaman var að skoða. Klukkan gekk allt of hratt þennan dag og nú var kominn tími til að hitta samferða-fólkið. Það átti að halda til Lucca kl. 17.

Í Lucca var gengið um gömlu borgina

sem er snotur miðaldabær með miklum borgarmúrum allt um kring. Um kvöldið skipti hópurinn sér niður á tvö veitingahús í bænum. Á okkar stað var þjóninn sérlega skemmtilegur. Hann söng eða öllu heldur rak upp rokur í hvert sinn sem hann kom í salinn (sumir voru vissir um að hann hefði gleymt að taka lyfin sín.) Þetta varð til þess að við tókum lagið fyrir hann og sung-um „Kátir voru karlar“ af mikilli innlifun. Það þótti honum skemmtilegt. Seinna um kvöldið hóf Vilborg fararstjóri upp raust sína og söng „Stóð ég úti í tunglsljósi“ með miklum glæsibrag. Hún hafði fengið einhvern trommara á staðnum til að slá taktinn á bongótrommur og setti það mik-inn kraft í þessa skemmtun. Þegar hópur-inn sameinaðist svo aftur um kvöldið var haldið áfram að syngja utanhúss, kokkun-um á nærliggjandi stöðum til mikillar ánægju. Þetta varð hinn skemmtilegasti dagur og allir voru ánægðir þegar „heim“ var komið.

Miðvikudagurinn 13. júní: Rimini

Þá var að pakka niður eina ferðina enn og alltaf fjölgaði töskunum. Nú átti að halda til Rimini, á síðasta áfangastaðinn. Þegar til Rimini var komið tók við leitinn að Hótél Stokkhólmi. Eftir marga hringi tókst loks að komast á rétta staðinn. Það er svo einkennilegt að á Ítalíu, í þessu mikla ferðamannalandi, virðist ekki vera gert ráð fyrir rútum, svo við þurftum að afferma rútuna í hveli og ganga nokkurn spöl með dótið okkar. Vesalings Svenni, það var eins og hann mætti hvergi vera.

Hingað vorum við kominn til að flatmaga



Sólin fór ekki jafn vel með alla og var Svenni einn af þeim sem lentu illa í því.

á ströndinni næstu daga og ekki vantaði plássíð. Söldýrkendur hlökkðu til að nota síðustu dagana við Adríahafið.

Fimmtudagurinn 14. júní:

San Marino

Þeir sem ekki vildu vera allan daginn í sólinni gátu farið að skoða San Marino. Klukkan 9 um morguninn var lagt af stað upp í þetta minnsta fríríki heims. Það var gaman að koma þangað og margir íbúanna þekktu Ísland vegna smáþjóðaleikanna sem haldnir höfðu verið þar stuttu fyrir komu okkar, þar sem íþróttafólk okkar hafði staðið sig með sóma. Klukkan 13 var svo farið til baka og allir á ströndina, enda steikjandi hiti þar. Sjórin var nokkuð kaldur en það vandist fljótt. Það var ekki erfitt að sjá hvar Íslendingarnir voru því það lýsti af þeim í sólinni. Einhver gerði þessa vísu:

Fólkið með ráðum það reyndi
að rífa af sér hversdagsins dróma,
en ætterni litur ei leyndi
létt var og margt bar á góma.

Föstudagurinn 15. júní:

Sólbaðsdagur

Hefðbundinn dagur á sólarströnd: sólbað, borðað, sólað meir, sumir brenndir, gengið um og skoðað. Einhverjir fóru að skoða flugminjasafn og voru mjög ánægðir með það. Um kvöldið var farið á rölt og sumir fengu sér snúning á dansstað rétt hjá hótelinu. Þetta var rólegur dagur.

Laugardagurinn 16. júní:

“Italia in Miniatura”

Undirrituð er ekki mikið fyrir sólbað svo hún fór á stúfana og spurði heima-



Töskunum hafði fjölgað allverulega þegar heim var haldið. Menn voru einnig orðnir ansi þreyttir.

fólkið hvað væri markvert í nágrenninu. Bent var á á Italia in Miniatura á norðurhluta strandarinnar. Þessi garður reyndist vera heill ævintýraheimur. Hægt var að ferðast um „alla Ítalíu“ og hluta af Evrópu á nokkrum tímum því þarna voru yfir 270 byggingar og merkir staðir í mini stærðum. Öllu var svo vel fyrir komið að manni leið eins og Gúliver í Putalandi.

Einn hluti garðsins var eftirlíking af Feneyjum sem var aðeins 5 sinnum minna en hinar raunverulegu Feneyjar, t.d. var útsýnisturninn á Markúsartorgi 20 metra hár. Farið var í gondól og siglt um síkin og var það ótrúlega líkt því og að vera í Feneyjum. Það eina sem vantaði voru dúfurnar á torginu og kannski aðeins fleira fólk. Þetta var frábær dagur í 35° hita og um kvöldið var svo spjallað og sprellað langt fram á kvöld.

Sunnudagurinn 17. júní:

San Leo

Þetta var sannkallaður letidagur. Samvinnuferðir-Landsýn buðu okkar hóp að slást í för með þeirra fólki. Þrettán úr okkar hóp þáðu boðið og lögðu af stað kl. 16:30 frá ströndinni upp að kastala St. Leo og stoppuðu þar um stund. Kastalinn er á hæð beint á móti San Marino.

Um kvöldið var borðað á gömlu sveitasetri sem heitir „Bastian þverhaus“ vegna þess að Bastian þessi hefur boðið upp á sama matseðil í mörg ár án þess að breyta honum, enda ekki ástæða til. Við fengum 13-14 rétta máltíð og vín eins og hver vildi og húsmóðirin sá til þess að allt væri borðað. Hljómsveit var á staðnum, þrír karlar sem komnir voru á eftirlaun og kölluðu sig Zorro. Þeir héldu uppi fjöri fram á kvöld. Þetta var frábær endir á góðu fríi.

Mánudagurinn 18. júní:

Á heimleið

Þá var bara eftir að pakka saman og koma sér á flugvöllinn. Farangurinn hafði blásið út í þessari ferð og það var ótrúlegt hvað Svenni var laginn við að koma öllu fyrir. Það er hægt að segja að í þessari ferð hafi allir hafi fengið eitthvað við sitt hæfi og séð margt sem gaman væri að skoða betur seinna.

Ég vil þakka samferðafólkinu og ekki síst skipuleggjendum þessarar ferðar þolinnmæðina og góða samveru.

Oddný Baldursdóttir.



Kastali í San Marino.

Fjallaferð Einingar-Íðju 2001

Það var fremur þungskýjað og kalt þegar lagt var í hann frá Alþýðuhúsinu þriðjudagsmorguninn 14. ágúst. Nú skyldi haldið í fjallaferð. Eins og vanalega var bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson frá Valgerði og fararstjóri var Björn Snæbjörns-son sem fyllti í skarð Matthildar. Leiðsögumaður var Þórir Haraldsson, menntaskólakennari.

Haldið var austur í Mývatnssveit. Þar var stoppað og menn bættu á nestið sitt. Nú yrði lítið um sjoppur næstu fjóra daga. Ekið var austur eins og leið lá og fyrst stoppað í Möðrudal til að léttu af sér og skoða sig um. Síðan var haldið út af aðalvegi og ekið áfram inn í Arnardalinn. Þar var lítið á nestið við lítinn kofa sem hýst gæti tvo menn og hund í mesta lagi.

Hvannalindir og Kverkfjöll

Áfram héldum við og Þórir lýsti staðháttum og sagði sögur um svæðið sem farið var um. Þegar komið var í Hvannalindir var gengið niður að fyrrverandi bústað Fjalla-Eyvindar og rústirnar skoðaðar. Margir hugsuðu með sér að heldur hafi verið hráslagalegt að dvelja þar um vetur. Þar er hins vegar mjög fallett um að litast. Haldið var áfram og var veðrið heldur hryssingslegt. Skyggnið var þar að auki lélegt, en áfram hélt Valgerður yfir holt og móa.

Er við komum að Sigurðarskála var skammt liðið á daginn og því var ákveðið



Það var myndarlegur hópur sem fór í fjallaferð Einingar-Íðju 2001.

að fara upp í íshellinn áður en menn kæmu sér fyrir í skálanum. Það er allnokkur ganga upp að íshellinum og sóttist ferðin misjafnlega. Okkur fannst brú ein á leiðinni heldur veikburða. Hún var orðin bogin og lét verulega á sjá. Göngutúrinn var samt sem áður þess virði. Það var reglulega skemmtilegt að koma að íshellinum, en því miður var ekki þorandi að fara inn í hann vegna hættu á hruni.

Því var haldið til baka í Sigurðarskála sem er í eigu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðafélags Húsavíkur. Við fengum svefnstað upp á lofti og var þar mikil flat-

sæng. Í skálanum var mikill matsalur og aðstaða öll hin besta. Við fórum snemma í háttinn eftir ágætt kvöld, reyndar svo snemma að skálaverðirnir höfðu ekki orðið vitni að öðru eins.

Í Öskju

Að morgni fimmtudags var heldur lítið skyggni og prísuðu menn sig sæla yfir því að hafa skoðað íshellinn kvöldið áður. Við kvöddum Sigurðarskála í köldu veðri. Þar hafði okkur liðið vel um nóttina, þó næturkyrrðinni hafi verið raskað með miklum tónleikum með alls konar hljómbriðum.

Um morguninn var farið yfir mikinn sand og lítið var að sjá. Er við komum að brúnni á Jökulsá við Upptýppinga fóru menn í gönguferð og skoðuðu staðinn þar sem hin ýmsu mannanöfn höfðu verið rituð á bergið fyrir mörgum árum. Þaðan var haldið til Dreka. Þar var stoppað til að næra sig áður en ganga átti Öskju. Í Dreka blasti við okkur nýtt hús með nýjum snyrt-ingum og sturtum. Heldur þótti okkur þetta betra en gömlu kamrarnir.

Áður en lagt var af stað upp hlíðar Öskju minnti fararstjórinn á handklæðin. Nú skyldi farið í bað í Víti. Fararstjórinn hafði einnig orð á því að ekki þyrfti að burðast með baðfötin því þau væru óþörf. Þórir var alveg óstöðvandi að segja sögur af atburðum sem tengdust staðháttum.

Gönguskórnir voru teknir fram og við þrömmuðum af stað. Það var lítill snjór á gönguleiðinni, en er komið var á barm Víti-



Svenni bílstjóri.



Þórir leiðsögumaður.

is var mikil drulla alls staðar og mjög hált. Það að koma á barm Vítis er alveg dýrlegt. Það er stórfenglegt að sjá þennan gíg og hugsa um hvað hafi gengið á við myndun hans.

Nokkrir fóru niður í Víti, en hálfkan gerði þeim erfitt fyrir. Þegar niður var komið sviptu menn sig klæðum og hoppuðu út í. Það var notalegt að svamla í vatninu, en heldur var kalt að fara upp úr og enn verra að ganga upp á ný. Þegar komið var aftur niður í Dreka var farið að skipta sér í hús, því að skáli Ferðafélags Akureyrar tók ekki alla. Því var einnig gist í skála sem er í eigu Jóns Árna frá Mývatnssveit.

Um kvöldið var grillað og voru meistararnir þeir Ásbjörn og Árni mættir til leiks. Þeim tókst að galdra fram þessa dýrindismáltilti með góðri aðstoð Örne og Dúddu. Setið var yfir borðum fram á kvöld og skemmtu menn sér konunglega. Allir komust fyrir en álagið á nýju sturturnar hafði verið of mikið. Þær voru ónothæfar morguninn eftir. Um nóttina sváfu allir vel. Fararstjórinn lá á gólfinu í Jónsskála og var svo fyrirferðamikill að menn komust ekki út þó þeir þyrftu á klósettið.

Læðst um Gæsavatnaleið

Að morgni föstudags var komið betra veður. Ferðinni var heitið um Gæsavatnaleið. Þegar við vorum komin nokkuð áleiðis beygði Svenni út af slóðinni og keyrði beint af augum yfir sandinn. Eftir litla stund sáum við smá gróður í sandinum. Við vorum komin að upptökum Svartár sem kemur upp í sandinum miðjum og er orðin nokkuð vatnsmikil þegar hún rennur í Jökulsá, eftir 5 km leið. Við gengum að fallegum fossi í Svartá sem heitir Skínandi og ber hann nafn með rentu.

Eftir þetta var keyrt yfir svokallaðar Flæður, þó ekkert vatn hafi verið þar. Heldur fannst mönnum ferðin ganga hægt upp Urðarhálsinn, en þar er enginn vegur, aðeins stikur sem sýna hvar hægt er að fara.



Skáli Ferðafélags Akureyrar við Drekaág.



Hópurinn skoðaði sig um í Eyvindarveri í Hvannalindum.



Hlaðið í vörðu.

Upp á hálsinum er mikið jarðfall sem er alveg stórkostlegt að sjá. Þarna hafa orðið miklar jarðhræringar og við veltum fyrir okkur hvað hafi orðið af öllu því sem gosið hafði upp úr gígnum.

Við áðum við skála sem er stutt frá Kistufelli. Er við komum á hæð nokkra sáum við að út um allt voru vörður. Við snöruðumst því út og hófum að hlaða í eina slíka af miklum krafti. Síðan var haldið niður að Gæsavötnum. Þar er skáli sem vélsleða- og jeppamenn eiga. Skáli þessi er mjög reisulegur og svæðið í kring mjög fallegt.

Næsti náttstaður okkar var í Laugafelli. Þar fengum við alla skálana til afnota þannig að nóg var plássíð. Menn voru nokkuð dasaðir eftir þessa löngu ferð yfir vegleysur og því var gott að geta farið í laugina í Laugafelli. Þar var margt um manninn um kvöldið og er nokkuð víst að

sumir hafi verið orðnir vatnsósa þegar þeir fóru upp úr.

Til bygðna á ný

Það var kalt um nóttina, en um morguninn var komið mjög fallegt veður. Er menn voru komnir á fætur fóru margir að skoða Þórunnarlaug. Síðan var ekið sem leið liggur niður í Skagafjörð. Fallegt var um að litast á leiðinni, en lítið var stoppað. Menn voru því orðnir svangir þegar niður í Þorlósstaði var komið.

Veðrið var svo gott að erfitt var að fá fólk til að fara inn í rútuna á ný. Þegar það tókst loksins var þjóðvegurinn keyrður og haldið heim á ný eftir góða fjallaferð.

Þessi ferð var reglulega skemmtileg. Hópurinn var góður og leiðsögumaðurinn einnig. Þetta var ferð sem enginn sá eftir að hafa farið í.



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



**OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF**
www.olis.is

PRICEWATERHOUSECOOPERS
pwcglobal.com/is



LIV Landssamband
íslenskra
verzlunarmanna
www.liv.is

Olíufélagið hf
www.esso.is



RAFTÁKN ehf
Verkfræðistofa
Glerárgötu 34 • IS-600 Akureyri
Sími 464 6400 • Fax 464 6411
Netfang: raftakn@raftakn.is



461 3010



Starfsgreinasamband Íslands
sgs.is

Landflutningar
samskip.is **SAMSKIP**



SEMENTVERKSHIÐJAN
Höfnavegur 25, 100 Akureyri, sími 492 9000, fax 492 9001
E-mail: cement@sement.is



TOYOTA
Akureyri
www.toyota.is

saeplast
www.saeplast.com



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS
www.vsi.is



P. Alfredsson ehf.
Draupnisgötu 7m • 603 Akureyri
Sími 462 3248

FROST
www.frost.is



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF
- þegar mest á reynir!
www.tmhf.is



Daltré ehf.

Grundargata 9, 620 Dalvík
Sími: 466 1199

NORÐLENSKA
Sími 460 8850

DALVÍKURBYGGÐ



Ráðhúsinu, 620 Dalvík
dalvik@dalvik.is



HAGSMÍÐI
Glerárgötu 3b • Símar: 461 2545

GREIFINN
VEITINGAÐUR

HÓTEL
KEA-HARPA

ÍSTAK

www.istak.is



brimborg
akureyri
www.brimborg.is

SBA - NORDURLEIÐ
sba@sba.is



**RAFIDNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS**
www.raf.is/rsi

HRÍSEYJARHREPPUR
RÁÐHÚSINU • SÍMI 466 1762 • FAX 466 1790 • NETFANG: hrisey@olis.is
http://hrisey.vefurinn.is



Plastprent hf.
www.plastprent.is



**MEISTARAFÉLAG
HÚSASMIÐA
Í REYKJAVÍK**

Aldraðir í Herðubreiðarlindum

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Íðjufélaga var farin 19. ágúst sl. Ekið var upp í Herðubreiðarlindir og þar grillað ofan í mannskapinn. Þessi ferð var á áætlun síðasta sumar en þá þurfti að fresta henni vegna mikilla vatnavaxta á svæðinu. Nú gekk hins vegar allt að óskum. Á heimleiðinni var stoppað í Selinu í Mývatnssveit þar sem hlaðin veisluborð biðu hópsins og komu því allir sáttir og saddir heim.



Grillmeistarar að störfum í Herðubreiðarlindum.



Veisluborðið í Selinu sveik engan.



Slappað af í rútunni á heimleið.

Desemberuppbót

Desemberuppbót skal greiða í einu lagi en upphæðin er mismunandi eftir samningum. Eftirfarandi tölur miðast við fullt starf allt árið en fyrir hlutastarf er greitt hlutfallslega.

Almennir samningar: 35.000 kr.,
greiðist eigi síðar en 15. desember.

Launanevnd sveitarfélaga: 50.032 kr., greiðist í desember.

Samningar við ríkið 35.000 kr., greiðist 1. desember.

Starfsfólk Einingar-Íðju veitir fúslega allar nánari upplýsingar um reglur í þessu sambandi.

Sjá enn fremur heimasíðuna: www.eining-idja.is



Desemberuppbótin kemur sér án efa vel fyrir marga þegar kemur að jólainnkaupunum.

Námskeið Iðntæknistofnunar opna þér möguleika

Vinnuvélar

réttindanámskeið fyrir vinnuvélstjóra

Rannsóknarmenn

námskeið fyrir aðstoðarmenn á rannsóknastofum

Verkstjórar

námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjóra

Kynning og framsögn

árangursríkt fyrir alla sem þurfa að koma fram

Samningataekni

fyrir alla sem þurfa að standa fyrir máli sínu

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

fyrir þá sem hafa viðskiptahugmynd

Upplýsingar í sínum 570 7100 og 570 7289
um þetta og margt fleira

Iðntæknistofnun 

Keldnaholti, 112 Reykjavík
sími 570 7100, pósfax 570 7111

Litið inn á vinnustaði

Rótgróinn Greifi

Greifinn er rótgróið veitingahús í hjarta Akureyrar, sem allir heimamenn þekkja, auk lang flestra þeirra sem sækja bæinn heim. Fyrirtækið var stofnað árið 1989 og er veitingahúsið Greifinn nú rekið í tveimur veitingastöðum, Greifanum sjálfum við Glerárgötu og Rósagarðinum á Fosshótel KEA við Hafnarstræti. Auk þess

sér Greifinn um rekstur kaffihússins Café Amour við Ráðhústorg.

Á Greifanum eru að meðaltali um 50 manns á launaskrá í um 30 stöðugildum og á Fosshótel KEA eru starfsmennirnir 20-50, þar sem fjöldi starfsmanna fer eftir árstíðum.

„Margt gott á Greifanum“

Helga Einarsdóttir hefur starfað á Greifanum í þrjú ár, reyndar með hléum. Nú starfar hún sem þjónn.

„Mér líkar vel að vinna á Greifanum og vinn alla virka daga og aðra hverja helgi. Það er margt gott hér á Greifanum, ég er ánægð með launin og starfsandinn er góður svo eitthvað sé nefnt. Samt sem áður er alltaf eitthvað sem betur mætti fara. Starfsmannaöstaðan mætti vera betri og það mætti kannski hrósa okkur meira, en það er reyndar verið að vinna í því. Nú er okkur hrósað mikið meira en áður og er það hið besta mál,“ segir Helga.



„Góður starfsandi“

Haraldur Pétursson hefur starfað sem kokkur á Greifanum í aðeins einn og hálfan mánuð. Hann lætur vel af tíma sínum þar.

„Það er mjög fínt að vinna hjá Greifanum. Hér er góð vinnuaðstaða og mjög góður vinnuandi. Ég er að vinna ansi mikið, opna þá daga sem ég er að vinna og vinn fram yfir kvöldösin, auk þess sem ég vinn aðra hverja helgi. Hér er margt gott og mér dettur í raun ekkert sérstakt í hug sem nauðsynlega þarf að bæta. Auðvitað vill maður alltaf betri laun, en ég held að það vilji maður alltaf, hvort sem laun manns eru há eða ekki, segir Haraldur.



Litið inn á vinnustaði

„Líf og fjör í Álfaborg“

Það var líf fjör í Leikskólanum Álfaborg á Svalbarðs-strönd þegar tíðindamaður Einingar-Iðjubleðsins leit þar inn einn morguninn ekki alls fyrir löngu. Leikskólinn er til húsa í gamla grunnskólanum á Svalbarðseyri og þar eru að jafnaði um 25 börn frá tveggja ára aldri. Þegar síðan grunnskólaaldri er náð er stutt fyrir krakkana að fara því grunnskólinn sendur hinu megin við planið. En látum myndirnar tala sínu máli.



Guðný Björnsdóttir hjálpar krökkunum að teikna og lita.



Þessi hópur var að leira með Helgu Þórsdóttur og gáfu sér varla tíma til að líta upp.



Stílt upp fyrir myndatöku: Eva Margrét, Bjarki Þór, Fransiska Dóra, Kristófer og Sóley.

Menntasmiðjan
Á Akureyri

Fullorðinsfræðsla

Kynnið ykkur
það sem verður í boði
á endur- og símenntunar-
námskeiðum
á komandi ári

*

Nánari upplýsingar í Menntasmiðjunni,
Glerárgötu 28, 3.hæð
sími: 462-7255

Áspretipóð ehf

AKIÐ ÖRUGG Í VETUR

EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF DEKKJUM FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR:

NÝTT!

„Veghermir“

Bylting í
jafnvægisstillingu

Við álagsmælum dekk
og felgur og röðum
saman á besta hátt

Loksins lausn fyrir:

- Skökk dekk - Skakkar felgur - Viðkvæma bíla

MIKROSKURÐUR

MARANGONI
tyre

MICHELIN
DEKK

BRIDGESTONE
LOFTBÓLUDEKK

GOODYEAR

NORDDEKK

... og öll vinsælustu jeppadekk

DEKKJA
HÖLLIN

DRAUPNISGÖTU 5 • SÍMI 462 3002

olis Smurstöð

Alliance búvéla-
og vinnuvéladekk

DEKKING - REYNSLA - ÞJÓNUSTA

Litið inn á vinnustaði

Mikil sameiningarhrina í málningar- og hreinlætisiðnaðinum

Þegar keyrt er inn í Akureyrarbæ, að norðan, blasir við stórt hús á hægri hönd rétt við bæjarmörkin. Þar var Sjöfn lengi til húsa og er enn, en nú ásamt fyrrverandi keppinauti sínum í málningariðnaðinum, Hörpu og hreinlætisvöruframleiðandanum Mjöll. Harpa og Sjöfn sameinuðu krafta sína í byrjun september síðastliðnum og hlaut nýja fyrirtækið nafnið

Harpa-Sjöfn. Tveimur mánuðum áður höfðu hreinlætisvörudeildir Sjafnar, Sámar hf. í Kópavogi og Mjallar ehf. í Reykjavík einnig sameinast undir merkjum Mjallar. Fyrirtækið gengur því undir því þokkafulla kvenmannsnafni Harpa Sjöfn Mjöll. Við litum inn á vinnustaðinn og ræddum við starfsmenn.

„Fríð milli jóla og nýárs best“

Elva Rósa Helgadóttir hefur starfað í hreinlætisvörudeild Mjallar í rúm ár og kann ágætlega við sig.

„Það besta við að vinna hér er vinnuandinn og að það er frí á milli jóla og nýárs,“ segir Elva Rósa og hlær. „Það er samt ýmislegt sem má betur fara. Vinnuaðstaðan hér er ekki nógu góð. Nú erum við einnig að vinna ansi lengi, frá klukkun hálf átta á morgnana til hálf sjö á kvöldin og það er búið að vera þannig síðan maí.“



„Svolítið streð á köflum“

Jóhannes Jónsson hefur starfað í hreinlætisvörudeild Mjallar síðan í maí, en var áður hjá Kjötiðnaðarstöð KEA í ellifu og hálf ár.

„Ég vinn við hitt og þetta, en er samt mest í átöppun. Mér líkar mjög vel hérna, það er mjög góður vinnuandi, þó það sé svolítið streð á köflum. Ég er sammála því að það mætti bæta vinnuáðstöðuna, auk þess sem mér finnst að launin mættu vera betri miðað við það sem maður leggur á sig,“ segir Jóhannes.

Afsláttur í líkamsrækt og sund

„Heilbrigð sál í hraustum líkama,“ hljómar kunnuglegt spakmæli. Til að auðvelda félagsmönnum Einingar-Iðju að lifa samkvæmt þessum orðum hefur verið samið við tvo aðila um afslátt í líkamsrækt og sund.

Líkamsræktarstöðin Bjarg við Bugðusíðu á Akureyri býður öllum félagsmönnum Einingar-Iðju verulegan afslátt af verði 6 mánaða korta og 12 mánaða korta í líkamsræktina. Þannig kosta 12 mánaða kort 26.000 krónur fyrir Einingar-Iðjufélaga en almennt verð er 37.400 krónur. Þá kostar 6

mánaða kort 16.000 krónur fyrir Einingar-Iðjufélaga meðan almennt verð er 25.900 krónur.

Sund á Pelamörk

Sund er einhver hollasta líkamsrækt sem hægt er að stunda og nú býður sundlaugin á Pelamörk félagsmönnum í Einingu-Iðju 25% afslátt af verði 10 tíma korta. Kortin sem kosta að jafnaði 2000 krónur kosta þannig 1.500 krónur fyrir Einingar-Iðjufélaga. Fólk er beðið að athuga að hafa félagsskírteinin meðferðis þegar kortin eru keypt.



Sund er góð líkamsrækt fyrir fólk á öllum aldri.

Starfsmaður!

Gleymdist að kjósa Öryggistrúnaðarmann á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa **öryggistrúnaðarmaður** og **öryggisvörður**.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa **öryggisnefnd**.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast **atvinnurekandi** eða **verkstjóri** vinnuverndarmál í samstarfi við starfsmenn og **félagslegan trúnaðarmann**.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is - www.ver.is

Öryggistrúnaðarmaður!

Öryggisvörður!

Trúnaðarmaður stéttarfélags!

Verkstjóri! Stjórnandi!

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil vinnuverndarstörf heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.
Leitið upplýsinga um næsta námskeið.

FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál og mannleg samskipti.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



**Starfsfræðslunefnd
Fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 560 9670 Fax 562 1853 netfang haldur@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfssemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.

Getraun Einingar-Iðju blaðsins

Á árinu var opnuð ný heimasíða Einingar-Iðju á Internetinu. Slóðin á hana er www.eining-idja.is en spurt er: Hvenær var síðan formlega opnuð?

- A () 12. janúar 2001
B () Í júní síðastliðnum
C () Um miðjan október síðastliðinn

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____

Sími: _____

Krossaðu við rétt svar og merktu þér seðilinn hér að ofan. Klipptu hann síðan út og sendu til okkar í Skipagötuna. (Þeir sem ekki vilja klippa blaðið geta

sent svar á lausum seðli).

Skilafrestur er til 19. desember nk. Bent er á að svarið má finna einhversstaðar í blaðinu.

Utanáskriftin er :

**Eining-Iðja
– Getraun
Skipagötu 14
600 Akureyri**

**Glæsileg verðlaun
eru í boði:**

1. Vika að eigin vali í orlofshúsi félagsins sumarið 2001.
2. Matarúttekt hjá Nettó að verðmæti kr. 10.000.
3. Matarúttekt hjá Nettó að verðmæti kr. 5.000.

Dregið verður úr réttum lausnum fimmtudaginn 20. desember nk.





NETTÓ

Kemur á óvart!





Þar sem
jólin byrja





Greiðslur úr sjúkrasjóði og skattframtalið

Árlega fær fjöldi fólks greiðslur úr sjúkrasjóði félagsins, svo sem sjúkradagpeninga, endurgreiðslu á ýmsum kostnaði og fleira. Af gefnu tilefni skal hér áréttað hvernig fara skal með þessar greiðslur þegar kemur að skattframtalinu.

Fyrst er til að taka að frá og með komandi áramótum verða sjúkradagpeningar staðgreiðsluskyldir. Þeir hafa raunar ver-

ið skattskyldir til þessa en skatturinn hefur verið greiddur eftir. Nú verður staðgreiðslan dregin af við útborgun og eina leiðin til að komast hjá því er að fólki skili skattkortum sínum inn á skrifstofu Einingar-Iðju núna fyrir áramótin.

Endurgreiðsla kostnaðar ekki skattskyld. Hvað varðar aðrar greiðslur úr sjúkrasjóði þá eru þær framtalsskyldar en hins

vegar ekki skattskyldar ef um er að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Þetta á t.d. við um greiðslur fyrir sjúkraþjálfun, sjúkranudd, krabbameinsleit o.fl. Fólki fær senda launamiða frá félaginu vegna þessara greiðslna en skal gæta þess að færa þær ekki í launareitinn á skattframtalinu heldur í reit 2.9.C, miðað við uppsetningu síðasta skattframtals. Þar með eru þær ekki taldar fólki til tekna.

Mál sem snúa að vinnurétti oft erfið viðfangs

-segir Inga Þöll Þórgnýsdóttir, lögfræðingur Einingar-Iðju

Þótt samskipti launafólks og atvinnurekenda gangi sem betur fer án árekstra í flestum tilfellum er því samt ekki alltaf svo farið. Upp geta komið ágreiningsmál af ýmsu tagi og mál þar sem launþeginn þarf að leita réttar síns fyrir dómstólum. En jafnvel þó svo að mál fari ekki svo langt þurfa stéttarfélög oft á lögfræðilegri aðstoð að halda. Þegar þannig háttar til hjá Einingu-Iðju er Inga Þöll Þórgnýsdóttir kölluð til en hún er lögfræðingur félagsins.

Inga Þöll útskrifaðist frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1991 og var ári síðar ráðin í starf lögfræðings stéttarfélaganna á Akureyri. Árið 1994 opnaði hún eigin lögfræðistofu og gerði í framhaldi af því þjónustusamning við stéttarfélögin. Hún sinnir því áfram þjónustu við þau samhliða öðrum lögmannsstörfum.

Oft flókin mál

„Þau mál sem algengast er að komi inn á mitt borð sem lögfræðings Einingar-Iðju snúa að vangreiddum launum, uppsögnum, ólögmatum riftunum og því að lýsa launakröfum í þrotabú. Einnig má nefna ágreining um veikindarétt, orlof o.fl.“ segir Inga Þöll, aðspurð um helstu störf sín fyrir félagið. Þá bætir hún við að ekki sé alltaf um einhver deilumál að ræða heldur geti félagið einnig leitað til hennar varðandi ráðgjöf og upplýsingar um ýmis lögfræðileg málefni.

Vinnuréttur er að sögn Ingu þallar talinn nokkuð fólkin innan lögfræðinnar og mál sem að honum snúa oft erfið viðgangs. „Það sem einkum getur flækt svona mál er að þau snúast oft um samskipti á milli vinnuveitenda og launþega þar sem gjarn-



Inga Þöll Þórgnýsdóttir sinnir lögfræðipjónustu fyrir stéttarfélögin á Akureyri.

an eru aðeins tveir til frásagnar og því skortur á haldberum sönnunum. Það er síðan þegar ágreiningur kemur upp um einhver atvik sem gjarnan leiðir til þess að mál fer fyrir dómstóla. Því fer þó fjarri að öll mál sem fara af stað gangi svo langt. Algengara er sem betur fer að þau leysist með sátt á milli aðila áður en til meðferðar fyrir dómstólum kemur. Ef farið er í dómsmál er það ferill sem tekur langan tíma, a.m.k. einhverja mánuði.“

Mikilvægt að gera ráðningarsamning

Ef nefna á eitthvert eitt atriði sem leitt

gæti til færri álitamála segir Inga Þöll að skriflegur ráðningarsamningur sé nokkuð sem leggja þurfi meiri áherslu á. „Það er lagaskylda að staðfesta ráðningarkjör skriflega eftir 2ja mánaða starf og sé slíkur samningur til staðar er hægt að komast hjá ýmsum vandamálum síðar meir þótt hann leysi ekki allan vanda einn og sér. Mér finnst sérstaklega vert að benda atvinnurekendum á þetta atriði því það getur komið sér enn verr fyrir þá ef ágreiningsmál koma upp og ráðningarsamningur hefur ekki verið gerður.“ Hún segir nokkuð misjafnt hversu vel sé staðið að þessum málum en á litlum vinnustöðum sé oft málbrestur á að gengið sé frá ráðningarsamningi og einnig þar sem ungt fólk er uppi staða vinnuafslisins og gjarnan mikil hreyfing á fólki.

Þá nefnir Inga Þöll að hlutverk trúnaðarmanna á vinnustað sé mikilvægt og miklu máli skipti að hann sé virkur. „Trúnaðarmaður er mikilvægur hlekkur í samstarfi launþega og stéttarfélags og hann þarf að vera vel meðvitaður um réttindi sín og skyldur á vinnustaðnum. Þá vil ég hvetja fólk til að hafa strax samband við trúnaðarmanninn eða stéttarfélagið ef því finnst eitthvað athugavert því það getur fyrirgert rétti sínum með því að aðhafast ekkert,“ segir Inga Þöll að lokum.



Skriflegur ráðningarsamningur er lagaskylda og nokkuð sem menn þurfa að leggja meiri rækt við, segir Inga Þöll.

Kynning á matvæladeild

Stærsta deild félagsins

Eins og fram kom í síðasta félagsblaði voru fyrr á þessu ári gerðar nokkrar breytingar á deildaskiptingu félagsins. Deildum var fækkað um eina og einstakar starfsgreinar færðust til innan deilda. Meðal þeirra deilda sem þarna urðu til var matvæladeild. Inn í hana runnu þeir sem áður tilheyrðu fiskvinnsludeild ásamt öðrum starfshópum í matvælaíðnaði, m.a. starfsfólk í kjötiðnaði, mjólkuriðnaði,

bjórgerð o.fl. Eftir þessar breytingar er matvæladeildin stærsta deildin innan Einingar-Íðju með um 1.500 félagsmenn. Þetta er líka eðlilegt þegar horft er til þess hvað matvælaíðnaður skipar stóran sess í atvinnulífi Eyjafjarðarsvæðisins. Nefna má að við fjörðinn eru tvö af stærstu fiskvinnslufyrirtækjum landsins með höfuðstöðvar sínar, þ.e. ÚA og Samherji, og bæði með verulega landvinnslu. Starfs-

fólk við fiskvinnslu er líka stærsti hópurinn innan matvæladeildarinnar. Þá er Eyjafjörðurinn sterkt landbúnaðarhérað og öflug fyrirtæki annast úrvinnslu landbúnaðarafurða. Þegar við bætast smærri fyrirtæki í ýmsum greinum matvælaíðnaðar er ekki að undra þótt hann sé stundum nefndur stóriðja Eyjafjarðarsvæðisins.

Reynslunni ríkari

-segir Anna Júlíusdóttir, formaður matvæladeildar

Á stofnfundi matvæladeildar Einingar-Íðju tók Anna Júlíusdóttir við formennsku í deildinni. Hún starfar hjá Útgerðarfélagi Akureyringa og hefur m.a. verið trúnaðarmaður á vinnustaðnum í þrjú ár. Hún segist lengi hafa haft mikinn áhuga á félagsstörfum og því ákveðið að gefa kost á sér til formennsku í deildinni.

„Ég held reyndar að þetta hafi verið ágætur tími til að taka þetta að sér. Það er nokkuð í að kjarasamningar verði lausir en undirbúningi þeirra fylgir jafnan nokkurt at sem er þá ekki til staðar núna. Þetta er því heldur rólegri tími þannig að ég hef fengið betra tóm til að setja mig inn í málin. Þá gefst núna kjörið tækifæri til að vinna í innri málefnum deildarinnar enda eru það einmitt þau mál sem við í stjórninni höfum einbeitt okkur að. Við höfum m.a. verið að leggja niður fyrir okkur hvað það er sem við viljum bjóða félagsmönnum upp á í námskeiðahaldi og fræðslumálum,“ segir Anna. Af því sem er framundan í þeim efnunefnir hún t.d. námskeið fyrir nýbúa,



Á stofnfundi matvæladeildar Einingar-Íðju tók Anna Júlíusdóttir við formennsku í deildinni.

kynningu á meðferð matvæla og námskeið fyrir alla trúnaðarmenn á svæðinu.

Annasamt en skemmtilegt

Að sögn Önnu er þó nokkur vinna samfara því að gegna formennsku í deildinni og ýmis mál sem taka þarf á. Sér hafi hins vegar þótt þetta skemmtilegur tími og afar gefandi. „Þjónustufulltrúi deildarinnar, Matthildur Sigurjónsdóttir, hefur verið mér mjög hjálpleg og gott að leita til hennar, eins og reyndar allra starfsmanna félagsins. Það hefur verið margt nýtt að læra og maður er svo sannarlega reynslunni ríkari eftir þennan tíma,“ segir Anna. Formennskunni fylgja einnig ýmis önnur trúnaðarstörf fyrir félagið og á þessu ári nefnir Anna t.d. þátttöku í ársfundi Starfsgreinasambandsins og þingi Alþýðusambands

Norðurlands. Það er því í ýmis horn að líta.

Fiskvinnslan best borguð

Sem fyrr segir starfar hún hjá ÚA og lætur vel af vinnunni. „Við höfum tekið þátt í miklum breytingum á vinnslunni og aukinni tæknivæðingu á ýmsum sviðum. Við gerðum sérstakan kjarasamning við félagið sem hefur skilað okkur góðum árangri þegar horft er á launin. Þessu hefur hins vegar fylgt verulega aukið vinnuálag og fólki hefur fækkað. En heilt yfir held ég að megi segja að fiskvinnslan sé það starf innan deildarinnar sem er að skila bestum launum í dag og eitt af verkefnum okkar er m.a. að ná sambærilegum árangri fyrir aðra starfshópa,“ segir Anna Júlíusdóttir að lokum.



Matvælaíðnaður skipar stóran sess í atvinnulífi Eyjafjarðarsvæðisins.

Kynning á matvæladeild

Ævintýralegur uppgangur

Stefán Aðalsteinsson er bílstjóri hjá Kjarnafæði og hefur starfað sem slíkur í rétt tæplega níu ár. Hann hefur því orðið vitni að miklum uppgangi fyrirtækisins sem er ævintýri líkastur.

Stefán starfar við það að keyra út vörur í verslanir og mótuneyti bæjarins og stundum er vinnudagurinn æði langur. „Ég byrja klukkan sjö á morgnana og vinn þar til allt er búið. Það er svolítið misjafnt hvenær það er. Stundum er það um fimmleitið en á sumum dögum er ég að vinna allt fram til

Stefán segir að matvælafyrirtæki og kjötvinnslufyrirtæki eigi vel heima á Akureyri og í Eyjafirðinum, sem sé jú mikið matvælaframleiðslusvæði. „Við sjáum að þessi kjötvinnslufyrirtæki eru að flytja suður vörur í brettavís, þannig að við hljótum að vera þokkalega staddir hér, þegar uppgangurinn er slíkur og raun ber vitni.”

Skemmtilegast að hitta fólkið

Stefán kann vel við sig í starfi sínu og segir það skemmtilegasta við það séu



„Ég byrja klukkan sjö á morgnana og vinn þar til allt er búið,“ segir Stefán Aðalsteinsson, bílstjóri hjá Kjarnafæði.

sjö.” Eins og fyrr segir er Stefán búinn að vera lengi hjá Kjarnafæði. „Í janúar er ég búinn að vinna hér í níu ár, en þar áður var ég bílstjóri m.a. hjá Möl og Sandi og Brauðgerðinni.

Byrjaði í bílskúr

Kjarnafæði er eins og flestir vita kjötvinnsla, en á haustdögum hóf fyrirtækið samstarf við Útgerðarfélag Akureyringa um framleiðslu á fiskvörum undir merkjum Norðurfisks. Samstarfið hefur gengið mjög vel til þessa. En Stefán man þegar dagar voru aðrir. „Fyrirtækið hefur verið á hraðri uppleið og umsvifin hafa verið að aukast mjög mikið. Sem dæmi um það má nefna að þetta byrjaði allt saman í bílskúr, en er nú komið tvö stór húsnæði. Kjötvinnslan er öll á Svalbarðseyri, en þökkunin og lagerinn hér á Akureyri. Nú eru um 70-80 starfsmenn hjá fyrirtækinu,” segir Stefán.

mannlegu samskiptin. „Maður hittir fullt af fólki og umgengst marga. Maður þekkir orðið einhverja í langflestum búðum. Erfiðast er hins vegar þegar maður lendir á síðasta snúningi með vörurnar, sem gerist stundum. Annars lendi ég sjaldan, eða nánast aldrei, í einhverjum hremmingum að ráði.”

Og að lokum ein saga í léttari dúrnum. „Það var hérna einn daginn að það kom flutningabíll og bílstjórinn rak hurðina aðeins utan í bílinn hjá mér. Þetta gerðist á miðvikudegi. Á föstudegi var svo keyrt inn í sömu hliðina á bílnum þannig að töluvert sá á. Svo kom sami bílstjóri á sama flutningabíl eftir helgina og krossbrá þegar hann sá að það vantaði næstum hliðina á bílinn og spurði hvort þetta væri tjónið eftir sig. Honum létti því gífurlega þegar hann heyrði alla söguna,” segir Stefán að lokum.

Á léttu nóttunum

Hinn fullkomni brandari?

Einu sinni hittust hinn fullkomni maður og hin fullkomna kona. Úr því varð hið fullkomna hjónaband og líf þeirra var fullkomnið. Eina snjópunga jólanótt voru þau að aka fullkomna bílnum sínum þegar þau tóku eftir einhverjum við veginn og þar sem þau voru fullkomin stoppuðu þau auðvitað. Þar stóð jólasveinninn með gjafirnar sínar og bílaðan vagn. Þau vildu ekki að börnin yrðu fyrir vonbrigðum svo þau tóku Sveinka upp í og fóru að afhenda gjafir en svo óheppilega vildi til að þau lentu í árekstri og aðeins eitt þeirra komst af.

Hvert þeirra var það?

Fullkomna konan auðvitað. Hún var nefnilega sú eina þeirra sem var til í raunveruleikanum því jólasveinninn er náttúrulega ekki til og allir vita að það er ekki til fullkominn karlmaður.

(Konur, hættið að lesa hér, brandarinn er búinn.)

Karlar: Sé hvorki til fullkominn karlmaður né jólasveinn þá hlýtur konan að hafa ekið og það útskýrir hvers vegna það varð slys.

Ef þú ert kona og ert ennþá að lesa þrátt fyrir að brandarinn sé búinn, þá sýnir það bara að konur hlusta aldrei...

Glefsur úr minningargreinum.

Í dag kveðjum við kæran samstarfsmann og félag. Hann tók sér tveggja daga frí til að kveðja þennan heim.

Orð þessi eru skrifuð til að flytja Sveini (líkinu) kveðju og þakkir frá tengdafólki hans og ekki síður frá tengdadóttur hans, þótt nú nálgist 20. árið frá fráfalli hennar.

Helga lést svo þennan dag kl. 4 en hún hafði ætlað að eyða deginum í annað.

Þrátt fyrir góða greind gekk hún aldrei í kvenfélag.

Drottinn minn gefðu dánunum ró og hinum líkin sem lifa.

Gönguferðin þeirra varð styttri en menn vonuðu. Banvænn sjúkdómur beið hennar bak við stein og sló hana fljótt til jarðar.

Hann var sannur Íslendingur og dó á 17. júní.

Hann skrapp úr vinnu til að fara í þrekpröfun í Hjartavernd en kom þaðan liðið lík.

Á þessum fjölbreytta lífsferli sínum kynntist Guðjón mörgum mönnum af ýmsum þjóðernum, þ.á.m. Indíánum og Kínverjum. Hann lærði tungumál þeirra að meira eða minna leyti, einkum þó ensku og Norðurlandamál.

Mörg námskeið og vel sótt

Að undanfögnu hafa ýmis námskeið verið haldin á vegum Einingar-Iðju og fleiri eru í undirbúningi. Eftir áramót er t.d. á dagskrá að halda trúnaðarmannanámskeið 2 og námskeið fyrir ræstingafólk. Auk námskeiða sem tengjast beint starfinu eru einnig haldin ýmis tómstundanámskeið og voru meðfylgjandi myndir teknar á þremur námskeiðum sem haldin voru í nóvember sl.

Skrautskrift



Námskeið í skrautskrift eru alltaf vinsæl og fullyrði kennarinn að hægt væri að kenna hverjum sem er skrautskrift, sama hversu illa viðkomandi skrifar alla jafna.



Sigurður Sveinn Ingólfsson fær tilsögn í skrautskriftinni.



Matráðskonur voru á námskeiði í nóvember. Ljósmyndari Einingar-Iðjulaðsins leit við eitt kvöldið og smelti þessari mynd af hópnum.

Gerð þrívíddarmynda



Mikill áhugi reyndist vera á námskeiði í gerð þrívíddarmynda.



Ekki þarf flókinn útbúnað við gerð þrívíddarmyndanna en útkoman er glæsileg.



Nú er eins gott að vanda sig.

ÚA-skólinn fer vel af stað

Á undanförunum árum hefur sífellt betur orðið ljóst hvað símenntun er mikilvægur þáttur í öllum starfsgreinum. Afar mismunandi er hvort fyrirtæki hafa áttað sig á þessari staðreynd og þar með hversu dugleg þau eru að auðvelda starfsfólki sínu að sinna þessum þætti. Útgerðarfélag Akureyringa hefur tekið afar myndarlega á símenntunarmálum og komið á fót einskonar símenntunarskóla, ÚA-skólanum. Þetta gerir fyrirtækið í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og verkalýðsfélögin á starfssvæði fyrirtækisins, þ.m.t. Einingu-Iðju.

Starfsemi ÚA-skólans á Akureyri hófst þann 8. október en einnig er boðið upp á námskeið á öðrum stöðum enda er ÚA með starfsemi víða um land í gegnum dótturfélög sín. „Það er boðið upp á nokkur námskeið á hverjum stað en námskeiðin eru tvenns konar. Annars vegar svokölluð persónuleg námskeið sem hafa það að meginmarkmiði að efla starfsmenn í starfi í viðtækum skilningi. Dæmi um

þetta eru námskeið í tölvunotkun og skyndihjálparnámskeið. Hins vegar er boðið upp á tómstundanámskeið,“ segir Hallgrímur Gíslason, launafulltrúi ÚA,



Fyrsti vísir að ÚA-skólanum var námskeiðið Viskubrunnur sem haldið var sl. vor en þá var þessi mynd tekin.

sem hefur haft umsjón með starfi skólans. Raunar var fyrsti vísir að ÚA-skólanum námskeiðið Viskubrunnur sem haldið var sl. vor og sagt var frá í síðasta tölublaði Einingar-Iðjublaðsins.

Í flestum tilfellum eru námskeiðin haldin eftir klukkan fimm á daginn, algengast er að kennslutíminn sé um þrír tímar í senn. Sem dæmi eru tölvunámskeiðin tutt-

ugu og fjórir tímar og þá er kennt í átta skipti. Útgerðarfélagið greiðir 60% kostnaðar við persónulegu námskeiðin og fólk á jafnvel kost á því að fá þann kostnað sem eftir stendur greiddan af viðkomandi stéttarfélagi. Varðandi tómstundanámskeiðin greiðir ÚA helming kostnaðar á móti viðkomandi starfsmanni og þar er ekki verið að tala um háar tölur.

Tölvunámið vinsælast

„Við erum afar ánægð með hvernig þetta hefur farið af stað og virkilega ánægjulegt hversu vel verkalýðsfélögin hafa tekið í að koma að þessu,“ segir Hallgrímur. Mest aðsókn hefur að

hans sögn verið að tölvunámskeiðunum sem á Akureyri eru haldin í samstarfi við Tölvufræðsluna. Af öðrum námskeiðum má nefna samskiptatækni, námskeið um fæðuval og heilsufar og tveggja kvölda námskeið í matreiðslu á gæs. Námskeið um jólakonfektgerð var einnig í boði sem og körfugerð. Af þessari upptalningu má sjá að fjölbreytnin er mikil.



SJÓVÁLMENNAR


Strandgötu 3
600 Akureyri
Sími 460 6464



NORÐURORKA

VATN · RAFORKA · VARMI

undirstaða lífs, heilsu og velmegunar



www.no.is

RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI
Sími: 460 1300 · FAX: 460 1301 · NETFANG: nordurorka@akureyri.is

Gledileg jól farsælf komandi ár



SPARISJÓÐURINN

SPARISJÓÐUR NORÐLENDINGA





Hafnarstræti 92
Sími 462 1818



la Vita e Bella

RISTORANTE



SPURNING DAGSINS

Ert þú búinn að ganga frá viðbótarlífeyrissparnaðinum?

Það má eiginlega segja það...

*Hefur þú alltaf ætlað að ganga frá viðbótarlífeyrissparnaði en ekki komið því í verk? Þú skalt drífa í því strax því að með hverjum degi sem líður ert þú að missa af peningum. Miðað við 193.500 kr. mánaðarlaun verður þú af 55.728 kr. mótframlagi frá ríki og atvinnurekanda á hverju ári.**

Við viljum benda á eftirfarandi ávöxtunarlíðir:

Lífslíð – Er sú líð sem við mælum sérstaklega með. Með því að velja Lífslíð færst innvegi þín á milli neðangreindra ávöxtunarlíða eftir aldri þannig að þú veur áhættu og vænta ávöxtun sem hentar þínum aldri.

Ávöxtunarlíð 3 – Hentar þeim sem vilja taka meiri áhættu eða þeim sem eru yngri en 40 ára.

Ávöxtunarlíð 2 – Hentar þeim sem vilja taka miðlungs áhættu eða þeim sem eru á miðjum aldri, 40-59 ára.

Ávöxtunarlíð 1 – Hentar þeim sem vilja taka minni áhættu eða þeim sem eru 60 ára og eldri.

Lífeyrisbók Búnaðarbankans – Lífeyrisbókin er spariseðlingur sem ber hæstu verðtryggingu innlánsveiti Búnaðarbankans hverju sinni.

Ekki bíða lengur, fáiðu nánari upplýsingar í síma 525 6060 eða í næsta útibúi Búnaðarbankans.

*Mið gæfir við 0,4% af launum í viðbótarlífeyrissparnaði. Sérstakt lífeyrisbók er afleið af vinnuþéttu launum í viðbótarlífeyrissparnaði. 1% af launum 1. jarðar 2022. Miðframlag er miðframlag eftir lífeyrisþrengingum.

www.bl.is



BÚNAÐARBANKINN
- traustur banki



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



www.egils.is



Félag
járníðnaðar-
manna
www.metalnet.is



Gæði á góðu verði!
www.runfatalagerinn.is



Sjómannafélag
Eyjafjarðar



VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG
KEFLAVÍKUR



ENDURVINNSLAN HF

Knaresmogi 4 · Pósthólf 4012 · 104 Reykjavík
Sími 500 8522 · Bréfasími 500 8996



HÚSASMÍÐJAN

Skútuvogi 16 · Sími 525 3000
www.husasmidjan.is



Sæmundsdóttir 12
1015 Akureyri
Sími: 462-1910 · Fax: 461-8910



Skeljungur hf.

www.shell.is



FISKMIÐLUN
NORDURLANDS HF.
NORFISH LTD.
norfish@norfish.is



www.eflinghf.is



HYRNA ehf

BYGGINGAVERKTAKI · TRÉSMÍÐJA
Dalsbraut 1 · 600 Akureyri · Sími 461 2603 · Fax 461 2604



Kæli- og frystipjónusta,
viðgerðir - nýsmiði - efnissala

KÆLIVERK HF.

Sími 462 4036 Fax 461 1650



(áður Nett)
Furuvöllum 13 · 600 Akureyri · Sími: 460 9900



RAFÍÐNAÐARVERSLUN



Stál heildsala
Zinkhúðun
Stálsmiði

Sandblástur & Málmhúðun
www.sandblastur.is



VÉLA- & STÁLSMÍÐJAN
AKUREYRI



Sælgæti fiskur
úr sjónum

ektafiskur@isl.is



www.kjoris.is



Fíðlarinn - Fíðlarastofan
Skipagata 14, sími 462 7100
www.fidlarinn.is



LOSTÆTI

VEISLU- OG VEITINGAÞJÓNUSTA



Rekstrarráðgjöf
Norðurlands ehf.



Höfðabakka 9 · Reykjavík · Sími: 563 8000
www.marel.is



Fiskmarkaður Dalvíkur ehf.

Sími 466 1140 · Fax 466 3114



Löggiltir endurskoðendur
Ráðhústorgi 3
600 Akureyri



Nesi · Fnjóskadal
601 Akureyri
Kt. 410394-2439 · Vsk. 41518
jardverk@simnet.is



isstodin@simnet.is



Illugastaðir

Orlofsbyggðin Illugastaðir er starfrækt allt árið

Byggðin er aðeins í 45 km fjarlægð frá Akureyri. Umsjónarmaður sér um útleiguna frá 15. september til 31. maí.

Á Illugastöðum er auk sumarhúsanna sjálfra góð aðstoða fyrir ráðstefnur fyrir allt að 90 manns, minni fundi og námskeið.

Yfir veturinn er gufubað og heitur pottur í notkun.

Því ekki að drífa sig á Illugastaði?

Það er nefnilega ekkert síðra að vera í góðu sumarhúsi í frábæru umhverfi þó utan hásumartímans sé.



Hringdu til Illugastaða í síma 462 6199 og aflaðu frekari upplýsinga



Sími 581 3300 • Allan sólarhringinn
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÉR UM OG ÚTVEGAR:

- Útfararstjóri tekur að sér umsjón útfarar í samráði við prest og aðstandendur.
- Flytja hinn látna af dánarstað í líkhús.
- Koma á sambandi við þann prest sem aðstandendur óska eftir.
- Aðstoða við val á kistu og líkklaðum.
- Búa um lík hins látna í kistu og snyrta ef með þarf.
- Fara með tilkynningu í fjölmiðla.
- Stað og stund fyrir kistulagningu og útför.
- Legstað í kirkjugarði.
- Organista, sönghópa, einsöngvara, einleikara og /eða annað listafólk.
- Kistuskreytingu og fána.
- Blóm og kransar.
- Sálmaskrá og aðstoðar við val á sálum.
- Dánarvottorð og líkbrennsluheimild.
- Duftker ef líkbrensla á sér stað.
- Sal fyrir erfidrykkju og gestabók ef óskað er.
- Kross og skilti á leiði.
- Legstein.
- Flutning á kistu út á land eða utan af landi.
- Flutning á kistu til landsins og frá landinu.

Útfararstofa Íslands • Suðurhlíð 35 • Fossvogi
www.utfarin.is



Kartöflusalan ehf





KEA
Skýr

FEGURÐ • HREYSTI • HOLLUSTA

KEA-skýr ljúffeng hollustuvara

KEA-skýrið er ein vinsælasta hollustuvaran á markaðnum í dag. Það er mjög bragðgott, prótínríkt og nánast fitulaust.





Pú gerir þetta með annarri!

Með því að nota **Netbanka Íslandsbanka á isb.is** getur þú á þægilegan hátt sinnt öllum þínum fjármálum á Netinu. Fáðu lykilorð hjá næsta þjónustufulltrúa og afgreiddu fjármálin með annarri hendi.

Netbankinn – fjármál verða ekkert mál.

Sleppur þú við að borga?

Alla dreymir um að sleppa við að borga reikningana sína. Þessi draumur gæti ræst frá 12. nóv. til 12. des. Þá ætlum við að endurgreiða heppnum notendum Netbankans 50 fjárhagslegar aðgerðir.

Það eina sem þú þarft að gera til að taka þátt í leiknum er að sinna fjármálum í Netbankanum, t.d. greiða gíróseðla eða greiðsluseðla, millifæra á milli reikninga, kaupa símafrelsi eða leggja inn á sparnaðarreikning. Að auki verða þóknarir vegna verðbréfiðskipta á Netinu endurgreiddar á tímabilinu.

